



59. ársþing HSI

Laugardalshöll

Laugardaginn 23. apríl 2016

Þinggerð



1. Þingsetning og staðfesting á lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi

Formaður HSÍ, Guðmundur B. Ólafsson, setti 59. ársþing HSÍ. Hann bauð þinggesti velkomna.

Þingfundur telst lögmætur, enda auglýstur fyrst með vel yfir mánaðar fyrirvara. Enginn hreyfði mótmælum við því og því stendur, þingfundur er lýstur lögmætur.

2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

Tilnefnd voru:

- Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir
- Jóhannes Runólfsson
- Magnús Kári Jónsson

Engar gagn tillögur eða mótmæli bárust. Kjörbréfanefnd var samþykkt samhljóða og tók þegar til starfa.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Formaður bar fram tillögu um Grím Sigurðsson sem þingforseta. Engar aðrar tillögur eða athugasemdir bárust svo Grímur telst réttkjörinn þingforseti. Þá var Davíð B. Gíslason tilnefndur varaforseti. Það gekk einnig athugasemdalaust og telst því Davíð réttkjörinn varaforseti ársþings.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Þingforseti tók við stjórn fundar. Hann tilnefndi Katrínu Mixa sem þingritara og Þorbjörgu Jóhönnu Gunnarsdóttur sem varaþingritara. Hvorki bárust gagn tillögur né aðrar athugasemdir og þær teljast því réttkjörnar. Höfu þær þegar störf.

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerð síðasta árs fylgir gögnum þingsins. Hún hefur legið fyrir á netinu frá því í sumar og er núna lögð fram á þessu þingi. Ekki er gert ráð fyrir að um hana spretti sérstakar umræður og óskað eftir að það sé sérstaklega bókað.

6. Ávörp gesta

Helgu Steinunni Guðmundsdóttur varaforseta ÍSÍ var boðið í pontu.

Fyrst bar hún kveðju Lárusar Blöndal forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórnar ÍSÍ og starfsfólks. Hún sagði það sérstaka ánægju að vera á HSÍ þingi, störf handboltans hafi verið henni sérstakt áhugamál, enda þjóðaríþróttin gegnum tíðina að hennar mati. Strákarnir okkar og stelpurnar okkar hafi gefið landsmönnum margar góðar stundir, hvort sem er á vellinum eða fyrir framan sjónvarpið.

Nú er lokaspretturinn fyrir þetta leikár, úrlistakeppnin og Olís keppnin beggja kynja, og enn verið að keppa og halda mót fyrir yngri flokkana. Því er nóg að gera, nóg um að vera og sjálfbóðaliðar á fullu eins og alltaf. Gjörvallt starfið byggist á því að hafa góða sjálfbóðaliða, öðruvísi væri ekki hægt að starfa með þessum hætti. Kröfurnar á sjálfbóðaliðana eru miklar, stundum full miklar jafnvel. En við stöndumst það, sagði hún, við gerum okkar besta og það sýnir sig í uppbyggingu íþróttahreyfingarinnar og öllu starfinu niðri í deildum, hjá félögum og sérsamböndum, að sjálfbóðaliðarnir eru að vinna mjög gott starf. Enginn skuli efast um að þeir kunni sitt fag.

Á undanförnum misserum hefur ÍSí reynt að efla afreksstarfið og umgjörðina til styrktar sérsamböndum, til að geta fylgt sinni afreksstefnu. Reynt hefur verið að efla styrki í afrekssjóðinn og þar hefur náðst ágætis samstarf við ríkisvaldið. Árið 2015 var upphæðin 70 milljónir í afrekssjóð, en árið 2016 er upphæðin komin upp í 100 milljónir. En við vitum hvað afreksstarfið kostar okkur svo betur má ef duga skal, sagði hún. Nú hafa mál þó komist á smá skrið eftir ansi langt stopp eða stöðnun. Einnig hefur ferðasjóður íþróttafélaga verið eflður. Fyrir 2016 eru líka komnar 100 milljónir í ferðasjóð, sem skiptir verulegu málið fyrir íþróttastarfið og íþróttapátttöku og þátttöku á mótum, sérstaklega fyrir landsbyggðina. Miklar kröfur eru gerðar til HSÍ um árangur, við þekkjum það, þau eru strákarnir okkar og stelpurnar okkar. Við viljum alltaf sigur og að við stöndum okkur vel á stórmótum.

Á þessu ári eru Ólympíuleikar í Ríó, Ísland með um 13-15 keppendur og því miður er handboltinn ekki með. „Því miður“, sagði hún með áherslu, því þetta voru stjörnurnar okkar á Ólympíuleikum. Þetta heyrir vonandi ekki í önnur sérsambönd, sagði hún kímín... En sem betur fer er hreyfingin komin með gott íþróttafólk í öðrum greinum sem ná lágmörkum, sem er vel. Auðvitað hefðu allir samt viljað hafa handboltann með. Það eru einfaldlega kröfurnar sem sambandið gerir, við viljum að handboltinn sé í úrslitum eða takandi þátt í öllum stærstu mótunum og erum hreykin af því að sjá þegar þau ganga inn á Ólympíuleikvanga, mælti hún með áherslu. Þetta eru kröfurnar, þetta er það sem við viljum að gerist. Vonandi tekst handboltanum að ná vopnum sínum og að strákarnir okkar og stelpurnar okkar verði í fremstu röð eða taki þátt í helstu mótum. Þá erum við ánægð. En auðvitað skiptir starfið í grasrótinni máli, hvernig við höldum utan um yngri flokka starfið og hvernig við þróum það upp þannig að við höfum þetta afreksfólk okkar þegar kemur að A-landsliðum.

Að lokum óskaði hún velfarnaðar á þinginu. Skýrsla sambandsins er góð og gott að fjárhagurinn er í plús. Það er alltaf ástæða til að anda léttar yfir því. Allt kostar þetta sitt, við vitum það. En gangi Handboltasambandinu áfram vel í sínum störfum, voru hennar lokaorð.

7. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt

Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi kjörbréfanefndar, steig í pontu og las upp mætingu þingfulltrúa. Alls eiga 89 fulltrúar rétt á þingsetu, 80 frá félögum og níu frá héraðssamböndum.

Í húsi voru 42 atkvæði frá félögum og tvö frá héraðssamböndum. Alls 44 atkvæði.

Áréttað að ef einhverju þurfi að bæta við eða breyta skuli hafa samband við kjörbréfanefnd. Hún héldi áfram störfum, enda geti orðið breytingar á fulltrúafjölda meðan á þingi stendur.

Álit kjörbréfanefndar lagt til atkvæða. Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.

8. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins

- Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:
 - Hjalti Þór Hreinsson
 - Guðborg Halldórsdóttir
 - Inga Lilja Lárusdóttir

Lagt til að laga- og allsherjarnefnd verði steipt saman í eina nefnd, líkt og verið hefur.

- Í sameinaða laga- og allsherjarnefnd voru tilnefnd:
 - Davíð B. Gíslason
 - Ásgeir Jónsson
 - Haraldur Örn Hannesson

Engar athugasemdir eða gagn tillögur bárust. Allir tilnefndir nefndarmeðlimir töldust því réttkjörnir.

9. Lögð fram skýrsla fráfaraðndi stjórna

Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, kynnti skýrslu stjórna.

Hann kvað ekki ástæðu til að lesa upp úr skýrslu stjórna, allir hafa hana handhæga. Heldur skuli tipla á því helsta í starfinu og hvað liggur fyrir að gera í framhaldinu.

Þetta starfsár hefur verið unnið ansi markvisst starf, á mörgum sviðum, til að efla handknattleiksþróttina, þótt eflaust megi alltaf gera betur. Íslandsmótinu lauk með spennandi leikjum bæði í karla- og kvennaflokki. Í framhaldinu var fjölgað í efstu deild, þannig að í efstu deild karla voru 10 lið, sem endaði í 8 liða úrslitakeppninni sem nú er í gangi og hefur sýnt sig að geri mótið meira spennandi. Í kvennadeild var spilað í 14 liða deild.

Umræða um fjölgun liða í deild virðist vera eilífðarverkefni og var ákveðið að taka þá umræðu á formannafundum. Tveir mjög góðir formannafundir voru teknir, til að ræða þau atriði. Niðurstaðan eftir þær umræður var tillaga hér fyrir þingi um að breyta viðmiði á því hvenær menn fjölga í þá 12 liða deild sem væri í sjálfu sér draumurinn. Það verður að koma í ljós hvort náist að fjölga handboltaliðum í 1. deild. Tillagan verður hér til umræðu.

Einnig var á formannafundum rætt hvort eigi að fresta skiptingu deilda í kvennaboltanum. Samkvæmt reglum ætti 14 liða deild að skipta í 1. og 2. deild og fyrir þingi liggur tillaga um að fresta eða hætta við þessa skiptingu. Eru þar uppi skiljanleg sjónarmið sem leiða til þess að auka breidd í boltanum, um að í raun safnist ekki allt á færri lið í efstu deild.

Þá liggur fyrir tillaga um ungmenna- og venslafélög. Marmiðið með tillögunum er að auka breiddina í boltanum og halda uppi fleiri liðum. Það muni að auki leiða til þess að verði minna brottfall við 20 ára aldurinn, er 2. flokki lýkur. Umræða um þetta á þinginu mun vonandi skila farsælli niðurstöðu.

Sjónvarpsmál hafa verið hitamál í vetur, raunar líka eilífðarmál. Samningur hefur verið við Ríkisútvarpið um útsendingar og að mati stjórna hefur ekki að öllu leyti verið staðið við þá samninga. Umfjöllunin og útsendingar hafa ekki verið eins miklar og við hefðum viljað og teljum okkur vera með samning um, sagði hann. Alltaf er slagur um peninga og RÚV hefur borið því við að ekki sé til fjármagn og alltaf sé verið að skera niður hjá þeim. Margir hafa viljað að við værum harðari í þessu. Vandamálið er þó það, að ekki er um margt annað að velja. Við ákváðum fyrir mörgum árum, um örugglega 20 árum, að vera í samstarfi við RÚV og ekki hefur þótt tilefni til að breyta því. Þrátt fyrir að hafa oft átt í viðræðum við 365 miðla um útsendingar á handbolta hefur það aldrei skilað neinu sem við höfum metið betra en samninginn við RÚV, tók hann fram.

Þá var athyglivert, bætti hann við, að á formannafundi voru kynntar útsendingar og áhorf og niðurstaðan í raun sú að mest áhorf sé á handbolta í sjónvarpi, svo við stöndum ansi vel að vígi hvað það varðar. Þrátt fyrir það viljum við sjá meiri árangur og fleiri útsendingar. Sennilega þurfum við að markaðssetja okkur betur og vinna betur í þessum málum. Vel sé skiljanlegt að menn vilji meiri árangur á þessu sviði.

Horft er til nýrrar tækni og félögin hafa tekið forystu um að sýna beint frá sínum leikjum. Þónokkrir slíkir og í frábærum gæðum eru aðgengilegir á netinu. Framtíðin hlýtur að vera sú að sambandið reyni að markaðssetja sig frekar á netinu, sem ætti að skila félögum ennmeiri tekjum og verða að söluvöru á netinu. Því eru tækifæri í þessari nýju tækni sem hreyfingin ætti að geta nýtt sér.

Eins hefur mikil vakning orðið á árinu um samstarf félaga, sem er af hinu góða. Félögin geta unnið sameiginlega að mörgum verkefnum, þótt það rati ekki endilega beint inn á skrifstofu sambandsins. Þetta á bæði við í tæknimálum og markaðsmálum og ýmsu öðru, til dæmis greiningu leikja. Áhugamenn hafa verið að þróa nýtt app til að auðvelda félögum að greina leiki og ákveðið var að gefa þeim tækifæri til að kynna appið hér á þinginu. Verkefnið sýnir líka hvað er mikil gróska í grasrótarstarfinu, þetta framtak kemur ekkert frá skrifstofunni eða stjórn HSÍ, heldur er bara verkefni sem fólk hefur búið til sjálf og þróað. Íslenska karlalandsliðið er byrjað að nýta sér þessa nýju tækni.

Til að koma til móts við þetta aukna samstarf félaganna liggur fyrir tillaga um svokallaða deildarnefnd, nefnd sem félögin geta skipað í. Tilgangurinn er að auka ennfrekar orðið samstarf, tengja við skrifstofuna og fá þar þá aðstoð sem þarf í störfum sem félögin vinna saman að og sem snýr að þeirra hagsmunum. Verði það samþykkt mun það vonandi leiða til ennþætra samstarfs en nú er.

Á árinu hefur verið unnið markvisst að þjálfaramálum. Námsfni fyrir þjálfaramenntun var lokið, sem er skref í samstarfi við Evrópusambandið um að búa til námskeið sem leiðir til masterclass stigs, æðstu þjálfaramenntunar. Nú er það krafa að allir landsliðsþjálfarar og þjálfarar í stærstu deildum séu með þann titil og skiptir ekki máli hve lengi þeir hafi þjálfað. Aron Kristjánsson vann að námsfninu og gerði mjög vel. Þá var ráðinn starfsmaður á skrifstofuna, Magnús Kári, til að fylgja málum eftir. Haldin hafa verið þjálfaranámskeið og fleiri fyrirhuguð til þess að fylgja málum enn frekar eftir. Útlit er fyrir að allt hafi tekist mjög vel, við séum komin í góða stöðu hvað þetta varðar og verkefnið sé komið vel af stað.

Unnið hefur verið að útbreiðslu handboltans í skólum undir formerkjum Alþjóða handknattleikssambandsins sem heitir *Handball in School*. Sambandið fékk þúsund mjúkbolta í það verkefni og Magnús Kári hefur unnið að því að koma þeim boltum út í gegnum félögin, í skólana og til íþróttakennaranna. Sennilega er ekki búið að deila öllum boltunum en stór hluti þeirra er farinn. Hafi einhver ekki fengið kynningu á því er sjálfsagt að ræða það líka hér. Við vonumst til að átakið glæði áhugann. Enda er um að ræða stórt alþjóðlegt verkefni sem Alþjóða handknattleikssambandið er með og við þátttakendur í.

Afreksstefnunni hefur verið haldið áfram og það hefur gefið góða raun.

Líklegt er að árangur 19 ára landsliðsins í 3. sæti á heimsmeistaramótinu sé að hluta afraðstur af því starfi, sem og sá árangur sama liðs (sem nú heitir 20 ára liðið) að tryggja sig í úrslitin á Evrópumótinu. Þessu starfi mun vera haldið áfram og með sömu aðilum. Við fórum yfir það í fyrra hvernig að því er staðið, bætti hann við, og snýr það bæði að næringu, líkamsstyrk sem og sálfræðiundirbúningi og öðru slíku. Þessu mun áfram við haldið, bæði í karla- og kvennaboltanum.

Varðandi kvennaboltann, sem ekki hefur verið að ná hæstu hæðum. Um það er rætt að horfa til Noregs með þá uppbyggingu sem þar er, innleiða í raun þeirra system, byggja upp þannig að þeir horfa til þess hvernig liðin eru, ýmist tvö, fjögur eða sex ár fram í tímann. Þeir eru með fleiri æfingavikur landsliða en þessar alþjóða æfingavikur. Þetta hefur skilað þeim sínum ótvíræða árangri. Við horfum til að taka þetta upp og vinna áfram, sérstaklega hvað kvennaboltann varðar, og yfirfærum kannski á karlaboltann ef vel gengur.

Það sem tröllreið umræðunni síðasta árs var ráðning landsliðsþjálfara. Fjölmíðlar höfðu miklar áhyggjur af því hversu langan tíma það myndi taka. Verkefnið tókst innan settra tímamarka, að vísu á síðasta degi. Það hafðist þó. Teljum við að með ráðningu Geirs Sveinssonar höldum við áfram að vera í fremstu röð og Guðmundur sagði alla vænta mikils af samstarfi við hann. Jafnframt horfi allir til uppbyggingar á landsliðinu og einhvers konar endurnýjunar þegar til lengri tíma er litið.

Ljóst er að næstu verkefni snúa að markaðsstarfi, aukningu tekna og fjölgun samstarfsaðila. Rekstur sambandsins er alltaf í járnnum og við erum að berjast fyrir hverri einustu krónu, bæði sem við borgum út og sem við öflum. Ekki hefur gengið nógu vel að fjölga samstarfsaðilum eða fá aukið fjármagn í reksturinn. Við þurfum að vinna að því ötullega á þessu ári að fá aukið fjármagn inn til að geta sinnt þeim verkefnum og stuðningi við félögin sem þarf.

Þá hefur aðstöðuleysi margra félaga til æfinga verið áberandi seinni hluta árs. Mörg félög búa við erfiðar aðstæður og sum þurfa jafnvel að fara í önnur bæjarfélög til að geta haldið úti æfingum. Mjög þarft er að sýna ákveðna samstöðu í því að vinna með þeim félögum að breytttri og bættri aðstöðu, til að ná meiri útbreiðslu og sinna verkefnum okkar. Sama má segja um landsliðið. Við höfum verið í algjöru hallæri með húsnæði, erfitt er að fá æfingatíma fyrir landsliðið. Sem er ekki alveg óskiljanlegt, bætti hann við, því þegar félagsliðin fá ekki einu sinni tíma, þá er kannski skiljanlegt að landsliðin geti ekki síðan labbað inn í húsið og tekið einhverja tíma.

Laugardagshöllin er vettvangur æfinga, hér eru þróttarar með sína aðstöðu, guð má vita hvað þeir hafa misst marga æfingatíma vegna funda stjórnmalaflokka, skákmóts og annars. Sama á við um landsliðið, hér var ekki hægt að keppa á landsleik af því hér var skákmót á sama tíma eða einhverjar aðrar útsendingar.

Þá verði líka að horfast í augu við það að Laugardagshöllin er orðin of lítil fyrir landsliðið. Til þess að HSÍ geti í raun staðið undir rekstinum þarf auknar tekjur, meðal annars áhorfendatekjur. Að vera með rúmlega 2000 manna höll stendur ekki undir þessum leikjum til tekjuöflunar og því þarf sambandið fleiri áhorfendur til að standa undir rekstrinum. Ég held, sagði hann, að málið með þessa 2000 miðar sem við höfum getað selt (og hluti fer til stuðningsaðila), það sé eins og boðsmiðarnir sem KSÍ er með á leikjum sem fer upp í 10.000 manns.

Það þarf að gera betur. Margoft hefur þetta aðstöðuleysi verið rætt við ráðamenn, bæði menntamálaráðuneytið og borgina, og höfum við óskað sérstaklega eftir því að fá að taka forystu í þeirri vinnu. Enda er þetta ekki okkar einkamál heldur mál fleiri sambanda – að skapa hér þjóðarleikvang fyrir inniþrótt. Því þurfum við að vinna ötullega að því að gera okkur sjálfbær í rekstri, sagði hann með þunga.

Núna hefur umræðan snúist um nýjan Laugardagsvöll. Við erum að reyna að tengja okkur inn í þá umræðu. Ef lagt verður í mörg hundruð milljónir til að bæta Laugardagsvöllinn, þá er það gott og blessað og ekki ástæða til að rövla yfir því að þar sé góð aðstæða. En við þurfum þá að horfa til þess að samnýta nýjar viðbyggingar við það fjölnota hús eða þjóðarleikvang á svæðinu sem hér er í Laugardalnum, ennþá er nóg pláss. Sennilega verður eitt af okkar stærri verkefnum í ár að ná þessu fram. Við óskum eftir góðu samstarfi við önnur sérsambönd og ÍSÍ, enda þarf að setja miklu meiri kraft í umræðuna. Það á sérstaklega við núna, þegar umræðan um Laugardalinn er aftur að koma upp.

Guðmundur lauk máli sínu með því að óska þess að umræðan á þinginu verði málefnaleg og niðurstöður þess verði handboltanum til gæfu.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

58. Ársþing HSÍ var haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 22. apríl 2015, og var Guðmundur B. Ólafsson endurkjörinn formaður HSÍ.

Ásta Óskarsdóttir hætti í stjórninni en hún hafði setið sem gjaldkeri HSÍ s.l. tíu ár. Þorgeir Jónson hætti einnig í stjórn en hann hafði setið í 4 ár og var þeim þakkað sérstaklega fyrir góð störf í þágu sambandsins.

Davíð B. Gíslason og Vigfús Þorsteinsson buðu sig fram til endurkjörs ásamt Hjördísi Guðmundsdóttur og Hjalta Þór Hreinssyni sem komu ný inn. Voru þau fjögur kosinn í stjórn til tveggja ára.

Þeir sem áttu eftir eitt ár af kjörtímabili sínu voru Einar Einarsson, Gunnar Erlingsson, Ragnheiður Traustadóttir og Guðjón L. Sigurðsson. Fyrir þinginu lágu nokkrar lagabreytingar, en stjórn HSÍ sér um breytingar á reglugerðum sambandsins.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 10 formlega fundi, en þar fyrir utan, voru haldnir 4 fundir með formönnum aðildarfélaganna. Snérust þeir fundir um málefni hreyfingarinnar, s.s. markaðsmál sjónvarpsmál, Olís deildina, Coca Cola bikarinn, fjölgun liða í úrvalsdeild karla, og fjölda liða í úrvalsdeild kvenna, venslafélög, notkun samfélagsmiðla, málefni yngri flokka og komandi ársþing sambandsins.

Á keppnistímabilinu 2015 – 2016 bættust við tvö lið í úrvalsdeild kvenna en það voru ÍR og Fjölnir, í kvennadeildinni leika núna 14 lið. Í úrvalsdeild karla eru 10 lið eins og samþykkt var á 56. Ársþingi HSÍ með 8 liða úrslitakeppni. 1. deild karla er með átta lið og liggur fyrir þessu ársþingi breytingatillaga um þáttöku venslafélaga inn í deildina.

Á árinu 2015 drógust tekjur sambandsins saman sem fyrst og fremst orsakast af minnkandi auglýsingatekjum og aðgangseyri, miðað við fyrri ár og ásamt því að samstarfsaðilum hefur fækkað.

Rekstrarkostnaður sambandsins hefur að sama skapi dregist saman á milli ára þannig að útkoman er enn þolanleg. Skýringuna er einkum að finna í því að rekstrarkostnaður lækkaði vegna A - landsliðs karla og þátttöku á HM í Qatar þar sem að mótshaldarar greiddu fyrir ferðir og upphald landsliðanna sem tóku þátt.

Á árinu 2015 var hagnaður á rekstri sambandsins 911.205 krónur og má segja að reksturinn hafi verið í járnum eins og síðast liðin ár. Tekjur drógust saman á árinu sem skýrist af minni auglýsingatekjum aðgangseyri. Á móti drógst úr rekstrarkostnaði vegna landsliðsverkefna. Nauðsynlegt er að auka tekjur til að tryggja fjárhagslega svigrúm sem þarf til að gera sambandinu kleift að takast á við hin metnaðarfullu verkefni í fræðslu og afreksmálum sem stefnt hefur verið að, og til að koma til móts við unga landsliðsmenn vegna kostnaðar við landsliðsverkefni. Það er lykilinn að því að öll landslið okkar geti haldið áfram að keppa í fremstu röð.

Samstarfsaðilar eru mjög mikilvægur hlekkur í rekstri HSÍ og ekkert sérsamband er með eins stóran hluta tekna sinna af samstarfssamningum við styrktaraðila. Má segja að 70% af tekjum sambandsins sé sjálfsaflafé sem aflað er í gegnum samstarfs- og stuðningsaðila HSÍ. Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði styrkjum til karla og kvennalandslíðanna á árinu 2015 og fékk HSÍ hærri upphæð frá Afrekssjóði ÍSÍ 2015 vegna Afrekshópa karla og kvenna en svipaða upphæð og árið áður vegna landsliðanna.

ÍSLANDSMÓT OLÍS DEILDIRNAR

OLÍS er samstarfsaðili Úrvalsdeilda karla og kvenna. Fjármagnið sem kemur út úr þeim samning er notað til kynningar á OLÍS deildinni.

Keppnistímabilið 2015 – 2016 er leikið með tíu liðum í karladeildinni, þrefaldri umferð og átta liða úrslitakeppni og falla tvö lið.

Í kvennadeildinni sáum við fram á aukningu og urðu liðin fjórtán í deildinni og var leikinn tvöföld umferð með átta liða úrslitakeppni.

Haukar urðu deildarmeistarar karla og kvenna.

Í fyrstu deild karla sigraði Stjarnan og mun taka sæti Víkings í úrvalsdeildinni, en fyrsta deildin hefur verið með átta liðum og gengið þokkalega. Má segja að styrkur deildarinnar sé að jafnast og félög eins og Fjölnir,

Selfoss og Þróttur að bæta sig töluvert. Umspilið um laust sæti í OLÍS deildinni er í gangi og nú stendur yfir úrslitakeppni.

Varðandi umfjöllun í fjölmiðlum þá er hún mjög mikil á netmiðlunum mbl.is, visir.is, fimmeinn.is og handbolti.org, og fjalla tveir síðastnefndu eingöngu um handknattleik og er það vel. Morgunblaðið er sá fjölmiðill sem skrifar um flesta leiki í OLÍS deild karla.

Mörg félög streyma leikjum á netinu sem hefur gefið góða raun. Nú liggur fyrir tillaga á þinginu um að félögum er skylt að taka alla leiki upp og vonast er til að flest félög sýni leiki sína á netinu sem getur jafnframt skapað meiri tekjumöguleika.

Á milli HSÍ og RÚV er samningur um sjónvarpsréttinn á úrvalsdeildum karla og kvenna, Coca Cola bikarnum ásamt öllum landsleikjum sem fram fara á Íslandi, gildir hann út keppnistímabilið 2016-2017.

Beinar útsendingar frá OLÍS deildinni og Bikarkeppninni á keppnistímabilinu 2015-2016 verða um 45 talsins en endanlegur fjöldi fer eftir gangi úrslitakeppinnar. Hafa beinar útsendingar verið á laugardögum í vetur á útsendingarás RUV 1 en á virkum dögum á RUV 2. Nú sem áður hefur það verið keppikefli HSÍ að fá sem flestar beinar útsendingar frá leikjum í efstu deildum.

Á árinu 2016 birtust nýjir þættir í samvinnu við HSI og OLÍS á Hringbraut sem heita eftir OLÍS deildinni og hafa þeir mælst vel fyrir. Jafnframt hefur fimmeinn.is gert handboltþætti sem sýndir eru á netinu sem nefnast Handboltakvöld.

Umfjöllunin frá EM karla 2016 sem fram fór í Póllandi var mikil og sýndi RUV 31 leik frá keppninni Aðrir landsleikir keppnistímabilið 2015-2016 verða 6 kvennalandsleikir og 13 karlalandsleikir.

COCA COLA BIKARINN.

Áfram var haldið með fjögurra liða úrslitakeppni (final four fyrirkomulagið) hjá meistaraflokkum þar sem spilað var fimmtudag, föstudag og úrslitaleikirnir á laugardag en síðan úrslitin í yngri flokkum leikinn á sunnudag eins og síðastliðin ár. Þetta fyrirkomulag hefur tekist einstaklega vel og hefur verið mjög jákvæð umfjöllun í framhaldi. Allir leikir í meistaraflokki karla og kvenna voru sýndir beint á RUV 1 og 2 og yngri flokkarnir voru sýndir beint á Sport TV.

Má reikna með að rúmlega tíu þúsund manns hafi komið í Laugardalshöllina þessa helgi og skemmt sér vel hvort sem er á leikjum meistaraflokka eða yngri flokka. Má til gamans geta að um 800 manns mættu á úrslit 2. og 3. flokks karla. Í undanúrslitum mættust hjá körlunum

Valur - Haukar sem endaði 24-22 og Stjarnan - Gróttu sem endaði 25-28. Í úrslitaleiknum sigraði Valur lið Gróttu 25-23. Í undanúrslitum kvenna mættust Stjarnan – Fylkir sem endaði með sigri Stjörnnar 26-21 og hin viðureignin var Gróttu - Haukar, sem Gróttu sigraði 30-29, og var því úrslitaleikurinn milli Stjörnnar og Gróttu þar sem Stjarnan vann 20-16 og hampaði Bikarmeistaratitlinum.

YNGRI FLOKKAR.

Deildarkeppni er í yngri flokkum frá 4. flokki. Hefur mótahald gengið vel en má segja að samgöngur til Vestmannaeyja séu ávallt erfiðar þar sem Landeyjarhöfn lokast snemma hausts og opnast ekki fyrr en um miðjan apríl. Mótanefnd HSÍ hefur staðið sig vel á þessu keppnistímabili og hefur tekist að halda góðri áætlun í móthaldi vetrarins. Í 5.-8. flokki er mótunum úthlutað til félagana og hefur ekki þurft að fresta mörgum mótum þar.

LANDSLIÐIN.

Samtals léku karlalandslíðin 51 landsleik og kvennalandslíðin 21 landsleik og voru landsleikir á vegum sambandsins alls 72 á árinu 2015. Til samanburðar þá leika landslið KSÍ 62 landsleiki og landslið KKÍ 29 landsleiki á sama tímabili.

Karlalandslíðið tók þátt í mörgum verkefnum á árinu 2015 og var íþróttalegur árangur hjá liðinu þökkalegur. Karlalandslíðið komst inn á HM í Qatar sem varabjórð og hafnaði í 11. sæti. Liðið lék í forkeppni EM 2016 þar sem að Ísland var í riðli með Serbíu, Montenegro og Ísrael og fóru tvö lið áfram. Ísland vann riðilinn og lenti í öðrum styrkleikaflokki þegar dregið var í riðla fyrir EM í Póllandi.

Karlaliðið hafnaði í 13. sæti á EM 2016 í Póllandi og komst ekki í milliriðil. Leikur Íslands gegn Hvít - Rússum sem tapaðist 39-38 kostaði okkur þar áframhaldandi þátttöku. Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari sagði starfi sínu lausu eftir mótið. Hófst þá leit að nýjum landsliðsþjálfara og var málið skoðað gaumgæfilega og var Geir Sveinsson ráðinn sem landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar Óskar Bjarni Óskarsson. Liðsstjóri er Guðni Jónsson og sjúkraþjálfarar eru Elís Þór Rafnsson og Pétur Örn Gunnarsson, læknar liðsins eru Brynjólfur Jónsson, Örnólfur Valdimarsson og Björn Pétur Sigurðsson.

Verkefni kvennalandslíðsins voru nokkur. Liðið lenti í play off leikjum við Montenegro í júní og tapaði á útivelli en gerði jafntefli hér heima, það dugði ekki til þess að komast í lokakeppni HM í Danmörku. Í haust hófst síðan forkeppni EM 2016 og fékk liðið sem mótherja Frakkland, Þýskaland og Sviss og komast tvö lið áfram. Nú er lokið fjórum leikjum og hefur liðið tapað þremur af þessum leikjum sem leiknir hafa verið. Þjálfari liðsins er Ágúst Jóhannsson og honum til aðstoðar er Einar Jónsson. Sjúkraþjálfari er Elín Harðardóttir, liðsstjóri Þorbjörg Gunnarsdóttir og læknir er Jóhann Róbertsson.

21 árs landslið pilta lék í janúar 2015 forkeppnisriðil fyrir HM hér á Íslandi en liðið komst ekki áfram. Þjálfarar liðsins voru Gunnar Magnússon og Reynir Þór Reynisson og liðsstjóri Jóhannes Runólfsson.

19 ára landslið stúlkna komst ekki í gegnum forkeppni HM 2015 sem fram fór í Makedóníu en þjálfarar voru þau Hilmar Guðlaugsson og Inga Fríða Tryggvadóttir, liðsstjóri Brynja Ingimarsdóttir.

19 ára landslið drengja fékk keppnisrétt á HM í Rússlandi 2015 vegna góðs árangurs á EM í Póllandi 2014 og stóð liðið sig frábærilega í Rússlandi tapaði aðeins einum leik og lenti í 3. sæti á HM. Liðið tók líka þátt í Opna EM sem fram fór í Partille í Svíþjóð og unnu þeir mótið eftir úrsltaleik við heimamenn Svía.

Þjálfarar liðsins voru Einar Guðmundsson og Sigursteinn Arndal, liðsstjóri Sverrir Reynisson og sjúkraþjálfari Jón Birgir Guðmundsson.

Þetta sama lið sem nú heitir 20 ára landslið hefur tryggst sér sæti í úrslitakeppni EM 2016 í Danmörku. Ólafur Stefánsson er þjálfari liðsins ásamt Einari Guðmundssyni.

17 ára landslið stúlkna tók þátt í forkeppni EM en komst ekki upp úr riðlinum. Þjálfarar eru Jón Gunnlaugur Viggósson og Halldór Stefán Haraldsson.

17 ára landslið drengja hefur æft vel á tímabilinu og fóru í keppnisferð til Þýskalands á Sparkassen Cup og lék liðið til úrslita þar á móti heimamönnum og fengu silfur. Jafnframt er liðið komið inn á úrslitakeppni EM 18 ára landsliða sem fram fer í Króatíu nú í sumar. Þjálfarar liðsins eru Kristján Arason og Einar Guðmundsson, liðsstjóri Haukur Loftsson.

15 ára landslið stúlkna fór til Skotlands í ágúst 2015 og lék þrjá leiki við Skoska landsliðið. Þjálfarar eru Hrafnhildur Skúladóttir og Stefán Arnarsson.

15 ára landslið drengja hefur eingöngu verið kallað saman til æfinga þegar að landsliðsvikur eru í gangi. Þjálfarar eru Heimir Ríkharðsson og Magnús Kári Jónsson

FRÆDSLUMÁL

Á árinu var lokið við gerð námsefnis fyrir þjálfara og þjálfaramenntun samræmd við þjálfaramenntun EHF. Bætt var við starfsmanni á skrifstofu til að sinna þessum þætti starfsins og hefur það gengið vel.

Unnið hefur verið eftir afreksstefnu sem komið var á sl vor. Hefur það gefið góða raun og unnið er að því að móta það sem hluta af reglulegu starfi með yngri landsliðsmenn.

SAMSTARFSAÐILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar, og má þar fremsta nefna Olís, Valitor, Icelandair, Arionbanka, RÚV, Kempa, Actavis, Samskip, Höldur, VÍS, Stoð, Sæmark, Flugfélag Íslands, Vífilfell, Hagar, Laugar, Fönn, Advanía, Íslenska Getspá, Rolf Johansen, Félag Sauðfjárnænda, og Ormsson. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á því.

SKRIFSTOFA HSÍ.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ hefur annast allan daglegan rekstur ásamt Róberti Gíslasyni, Þorbjörgu Gunnarsdóttur og Magnúsi Kára Jónssyni sem kom til starfa á skrifstofu HSÍ 1. október sl. Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari var með viðveru á skrifstofu HSÍ frá ágúst til áramóta 2015-2016. Stöðugildi á skrifstofu HSÍ voru þrjú þar til 1. október 2015 en þá jukust stöðugildin á skrifstofunni í fjögur.

NÆSTU VERKEFNI.

Þrátt fyrir nokkra umræðu um að handknattleiksíþróttin sé að dragast aftur úr öðrum greinum þá er það ekki rétt. Fjölgun hefur verið í yngri flokkum og á alþjóðavísu eru að koma þjóðir til leiks með strek landslið. Á formannafundi nú í vetur var farið yfir áhorf á handbolta í sjónvarpi og þar var sýnt fram á að áhugi á handbolta er meiri en á aðrar íþróttagreinar. Við þurfum hins vegar að gæta þess að tala ekki sjálf íþróttina niður, heldur að halda merki handboltas á lofti sem þjóðaríþrótt.

Verkefni okkar er að þetta raðirnar með auknu samstarfi félaga í markaðsstarfi. Vonast er til að aukinn fjöldi útsendinga frá leikjum á netinu geti skapað meiri áhuga á handbolta og samhliða skapað meiri tekjur fyrir félögin.

Við þurfum að horfa til allra átta um hvað við getum gert betur til að fjölga iðkendum og skapa grunn undir betri landsliði. Við þurfum að setja okkur markmið til lengri tíma við uppbyggingu landsliða og er afreksstarfið liður í því. Við þurfum að átta okkur á því að við megum hvergi slaka á til að dragast ekki aftur úr og halda okkar metnaðarfullu íþróttalegu stöðu. Markmið HSÍ er að öll landslið sambandsins nái inn á úrslitamót EM og HM.

Þá eru mjög brýn verkefni sem bíða varðandi aðstöðu bæði hjá félögum og landsliðinu. Mörg félög geta ekki sinnt eðlilegu starfi þar sem ekki eru til lausir tímar til æfinga. Dæmi eru um að félög hafa þurft að sækja í önnur bæjarfélög til að fá inni í íþróttahúsum. Setja þarf pressu á borgina og bæjarfélögin til að bæta úr þessu aðstöðuleysi. Sama má segja um aðstöðu landsliða bæði til æfinga og keppni. Hefur þessu oft verið hreyft í viðræðum við yfirvöld en án árangurs en nauðsynlegt er að hreyfing komist á þessi mál.

Guðmundur B. Ólafsson formaður.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KVENNA HSÍ

Nefndarskipan var sem hér segir:

Ragnheiður Traustadóttir, formaður
Lárus B. Lárusson, ritari
Brynja Ingimarsdóttir, nefndarmaður
Guðríður Guðjónsdóttir, nefndarmaður
Margrét Berg Theodórsdóttir, nefndarmaður
Þorbjörg Gunnarsdóttir, tengsl við skrifstofu HSÍ

Landsliðsþjálfarar þetta starfsárið

A landslið Ágúst Þór Jóhannsson og Einar Jónsson, aðstoðarþjálfari
U20 ára Einar Jónsson, Ágúst Þór Jóhannsson og Hilmar Guðlaugsson
U18 ára Jón Gunnlaugur Viggósson og Halldór Stefán Haraldsson
U16 ára Hrafnhildur Skúladóttir og Stefán Arnarsson
U14 ára Rakel Dögg Bragadóttir
Markmannsþjálfari Guðný Jenný Ásmundsdóttir

Læknir og sjúkraþjálfarar

Jóhann Róbertsson, læknir A landslið
Elín Björg Harðardóttir, sjúkraþjálfari, A landslið
Sædís Magnúsdóttir, sjúkraþjálfari U20 og U18 ára

Liðstjórar

Brynja Ingimarsdóttir, U20 ára
Guðríður Guðjónsdóttir, U18 ára

Helstu verkefni og áherslur hjá nefndinni

- Að skapa öllum landsliðunum sem besta umhverfi
- Samhæfð þjálfun allra kvennaliða
- Umgjörð um landsleiki
- Auka umfjöllun og markaðssetja kvennahandbolta
- Markmannsþjálfun allra landsliða
- Handbók fyrir yngri landsliðin
- Búa til tengslanet allra fyrrum landsliðskvenna

- Verkefni A landsliðsins á árinu

Í umspili um laust sæti á HM mætti landsliðið Svartfjallalandi í tveimur leikjum árið 2015. Leikirnir voru leiknir í Podgorica 7. júní og þar tapaði liðið stórt 19-28 en náði jafntefli hér heima 14. júní í Laugardalshöllinni 19-19.

Dregið var í riðla fyrir undankeppni Evrópumótsins í Svíþjóð 2016. Ísland er í riðli með Frakklandi, Þýskalandi og Sviss. Landsliðið lék við Þýskaland fyrri leikinn hér heima í Vodafonehöllinni þann 11. október 2015 og tapaði Ísland 17-22. Leikið var við Frakkland úti í Antibes 8. október og tapaði liðið stórt 17-27. Verður því erfiður róður fyrir landsliðið að vinna báða leikina í júní en næstu verkefni landsliðsins í undankeppni EM eru í júní 2016 hér heima. 1. júní við Frakkland og síðan 5. júní úti í Stuttgart við Þýskaland.

Íslenska kvennalandsliðið hefur nú leikið báða leikina við Sviss heima og heiman. Fyrri leikur liðanna fór fram í Untersiggenthal Station úti í Sviss þann 10. mars sl. og tapaðist naumlega með einu marki 21-22 en seinni leikurinn var sunnudaginn 13. mars í Schenkerhöllinni, Hafnarfirði. Sigraði íslenska landsliðið hann með einu marki 20-19.

Landsliðið spilaði 3 æfingaleiki við pólska landsliðið í Gdansk 30. maí og tvo æfingaleiki við Noreg í Gjövik 28. og 29. nóvember í Lillehammare. Liðið tapaði öllum þessum leikjum. En það er mjög mikilvægt fyrir landsliðið að spila æfingaleiki og að yngri landsliðsleikmenn fái tækifæri til að spreyta sig.

Það er ljóst að við þurfum að horfa til framtíðar og reyna efla landsliðið okkar mun frekar og verður það ekki gert nema með öflugu og samhæfðu átaki innan handboltahreyfingarnar að efla kvennahandbolta á Íslandi og stuðla að enn betra starfi með yngri landsliðin okkar.

Yngri landsliðin

Yngri landsliðin æfa í landsliðsvikum sem eru 5 til 6 sinnum á ári. Tíminn er nýttur til þess að skipuleggja varnar- og sóknarleik með því að stilla saman hópinn. Samvinna hefur verið á milli A landsliðsþjálfara og yngri landsliðsþjálfara. Unnið hefur verið að því að samræma leikskipulag milli landsliða. Ljóst er að það þarf að gera enn betur eigum við að komast í fremstu röð. A landsliðið hefur verið að sýna árangur á síðustu árum en árangurinn hefur ekki verið nógu góður á síðasta ári og þarf sú vinna að halda áfram með styrkingu á yngri landsliðum. Það er kannski mikilvægt að styrkja afrekstarfið en frekar og reyna að halda úti B landsliði eins og gert er t.d. í Noregi. En til þess að það sé unnt þarf meira fjármagn. Landsliðsnefnd hefur reynt að stuðla að því að fá æfingarleiki fyrir yngri landsliðin til að öðlast alþjóðlega reynslu en það er mjög mikilvægt að reyna fjölga þeim leikjum en hingað til hafa þeir verið of fáir vegna kostnaðar.

Undankeppni HM U20 var haldin á Íslandi

Helgina 18. til 20. mars árið 2016 fór fram undankeppni U20 ára kvennalandsliðsins fyrir HM 2016. Undankeppnin var haldin í Strandgötu. Í riðlinum með Íslandi voru Hvíta - Rússland, Ungverjaland og Austurríki. Tvö lið komust upp úr riðlinum. Því miður var árangur íslenska liðsins ekki nógur góður og liðið lenti í 3 sæti. Það er mikill heiður að fá að halda þetta mót og einstakt tækifæri fyrir okkur hér heima að fá að fylgjast með landsleikjum hjá yngri landsliðum. Þetta væri ekki hægt án óeigingjarns framlags leikmanna og aðstandenda og ótal stuðningsmanna. Það verður seint fullþakkað fyrir allt þeirra starf við undirbúning við að halda keppnina hérna heima og gera hana eins vel úr garði og kostur var.

Það er mikil kostnaður að halda slíkt mót og það sama á við ef landslið fara erlendis. Því miður er það þannig að landsliðsnefnd, foreldra og leikmenn sjá að mestu hluta um að fjármagna slíkt. Að þessu sinni var gefin út leikskrá þar sem fjöldinn allur af fyrirtækjum styrktu landsliðið okkar og ber þeim að þakka fyrir góðan stuðning án þeirra væri þetta ekki hægt.

Það var líka ánægjulegt að sjá hvað margir lögðu leið sína á Strandgötuna og horfðu á landsliðið spilað.

U 14 ára

Í mars sl. var byrjað með U14 ára landslið og er það liður í afreksæfingarstefnu landsliðsnefndar og HSÍ að byrja fyrir á því efla kvennahandboltann. Er það von okkar að þessi aldurshópur haldi áfram á næstu árum og unnið verður náð með þjálfurum félagsliðanna að fjölga efnilegum handboltaiðkendum. Fyrrum landsliðsfyrirliði Rakel Dögg Bragadóttir var ráðin sem þjálfari.

U 16 ára

Fyrir ári síðan var farið af stað með U 15 ára landslið og var það gert til að reyna efla og styrkja yngri landslið kvenna og nú með tilkomu U14 ára erum við vonandi á réttri leið. Hrafnhildur Skúladóttir og Stefán Arnarsson voru ráðin sem landsliðsþjálfarar og hafa haldið áfram með þennan hóp. Landsliðið spilaði fjóra æfingaleiki á árinu og er það frábært að geta byrjað snemma að spila slíka leiki. Leikið var við Færeyska landsliðið 16. og 17. maí þar sem Ísland tapaði fyrri leiknum 23-26 en vann seinni leikinn 25-23. Liðið spilaði síðan við Grænlenka landsliðið 27. og 28. nóvember og vann báða leikina með yfirburðum.

U 18 ára

U18 ára landsliðið spilaði 2 æfingarleiki við Færeyjar 16. og 17. maí í Laugardalshöllinni, Ísland vann fyrri leikinn 27-20 en tapaði þeim seinni 25-37.

U18 ára fór til Póllands dagana 18.-20. desember og tók þátt í æfingarmóti og spilaði þrjá leiki. Á mótinu voru auk gestagjafana, Tékkland og Hvíta – Rússland. Íslenska liðið vann Hvíta Rússland 26-26, en tapaði fyrir Pólverjum 19-22 og Tékkalandi 19-21. Var það liður í að fjölga æfingaleikjum hjá yngri landsliðunum og undirbúningur fyrir undankeppni Evrópumótsins. Það er mikil áhugi hjá pólska landsliðinu að stuðla að fleirum landsleikjum á milli á landanna.

Við höfum verk að vinna með þennan efnilega hóp og þarf að stíga skrefið til fulls til að vera jafnfætis þessum liðum. Unnið er að áætlun hvernig hægt sé að styrkja hópinn og gera hann samkeppnishæfan. Ljóst er að það þarf að gera átak í þessum aldurshópi og var það gert með verkefninu úrvalsæfingar (sjá fyrir neðan).

U 18 ára liði heldur til Gautaborgar, Svíþjóðar í júlí og tekur þátt í EM og er með Noregi, Sviss og Rúmeníu í riðli.

U20 ára

Undankeppni fyrir HM U20 ára var haldið á Íslandi helgina 18. til 20. mars fór fram undankeppni U20 ára kvennalandsliðsins fyrir HM 2016. Undankeppnin var haldin í Strandgötu. Í riðlinum með Íslandi voru Hvíta

- Rússland, Ungverjaland og Austurríki. Tvö lið komust upp úr riðlinum. Því miður var árangur íslenska liðsins ekki nógur góður og liðið lenti í 3 sæti. Það er mikill heiður að fá að halda þetta mót og einstakt tækifæri fyrir okkur hér heima að fá að fylgjast með landsleikjum hjá yngri landsliðum okkar. Þetta væri ekki hægt án óeigingjarns framlags leikmanna og aðstandenda og ótal stuðningsmanna. Það verður seint fullþakkað fyrir allt þeirra starf við undirbúning við að halda keppnina hérna heima og gera hana eins vel úr garði og kostur var.

Það er mikil kostnaður að halda slíkt mót og það sama á við ef landslið fara erlendis. Því miður er það þannig að landsliðsnefnd, foreldrar og leikmenn sjá að mestu hluta um að fjármagna slíkt. Að þessu sinni var gefin út leikskrá þar sem fjöldinn allur af fyrirtækjum styrktu landsliðið okkar og ber þeim að þakka fyrir góðan stuðning án þeirra væri þetta ekki hægt.

Það var líka ánægjulegt að sjá hvað margir lögðu leið sína á Strandgötuna og horfðu á landsliðið spilað.

Landsliðið vann sinn fyrsta leik á móti Hvíta – Rússlandi 32-21, en tapaði svo fyrir Ungverjum 21-39 og spilaði svo hörkuleik við Austurríki en tapaði þeim leik 25-22. Þar með voru möguleikar okkar á að komast áfram úr sögunni.

Landsliðsnefnd lýsir ánægju sinni með hvernig til tókst með framkvæmd og umgjörð mótsins. Nefndin þakkar starfsmönnum HSÍ fyrir þeirra framlag og aðkomu að undirbúningnum og stjórnun mótsins.

Markmannspjálfun

Unnið hefur verið markvisst að því á undanförunum árum að reyna bæta markmannspjálfun hjá landsliðunum og var fenginn markmannspjálfari til að vera með A landsliðinu og yngri landsliðunum á æfingum en landsliðsnefnd vill auka enn á þennan þátt og verður haldið áfram með þetta starf og það gert markvissara. Ljóst er að það þarf sérstakt fjármagn til að úr því geti orðið.

Afreksstefna landsliðsnefndar og HSI

Verkefnið Afrekshópar HSÍ byrjaði í maí 2015. Markmiðið með verkefninu er að byggja brú á milli A-landsliðsins, deildarinnar og yngri landsliða en aðallega elstu leikmanna í U20 ára landsliðinu. Hugmyndin er að reyna að hámarka þróun okkar efnilega fólks. Valinn var hópur sem hóf æfingar í maí og var þessum hópi svo fylgt eftir allt árið. Reglulega var hist og augin eftirfylgni var með þessum leikmönnum út í félögin. Unnið er með heildstæða þróun leikmannsins í huga, þ.m.t. leikatriði, tækni, líkamleg uppbygging, mataræði og andleg þjálfun. Fylgst er grannt með hverjum og einum og reynt að tryggja framfarir hjá viðkomandi leikmönnum. Einnig eru leikmennirnir settir inn í leikatriði A-landsliðsins.

Til að komast í fremstu röð var ákveðið að nauðsynlegt væri að starfrækt væri B landslið. Útfærslan á þessari hugmynd er nú á því stigi að efnilegir leikmenn kvenna og karla verða valin á vormánuðum frá aldrinum 18 til 25 til þess að fá einstaklingsmiðaða afrekspjálfun.

Úrvalsæfingar 16–18 ára

Landsliðsnefnd kvenna í HSÍ fór af stað með verkefni sl. sumar til að auka gæði yngri leikmanna landsliðanna og gæði í íslenskum kvennahandknattleik sem kallað var úrvalsæfingar fyrir 16-18 ára og er því ætlað að

auka tækni, getu og styrk hjá efnilegum, metnaðarfullum og iðnum leikmönnum. Verkefnið hófst í júlí og aftur var törn í mars. Ráðgert er að halda því áfram leiktíðirnar 2015–2016 og áfram ef vel gengur og góður árangur næst. Verkefnið er unnið í samstarfi við handknattleiksfélögin og voru landsliðshóparnir stækkaðir gagnert í þeim tilgangi að finna alla efnilegustu leikmennina og bjóða þeim að taka þátt.

Landsliðsþjálfarar, Halldór Stefán Haraldsson og Jón Gunnlaugur Viggósson, önnuðust úrvalsæfingarnar. Leikmönnum er fylgt eftir allt árið og fengu þeir aukin tækifæri til æfinga sl. sumar og núna aftur í mars. Leikmenn voru prófaðir á þessum æfingum og fá félögin og leikmenn að vita hvað þarf að bæta.

Landsliðsnefnd og þjálfararnir telja að þetta verkefni sé gríðarlega mikilvægt skref í uppbyggingunni á íslenskum kvennahandknattleik, en yngri landslið kvenna í handbolta hafa staðið liðum jafnaldra erlendis að baki undanfarin ár. Það er von okkar að hægt sé að halda áfram með verkefnið á næstu árum en til þess þarf fjármagn. Landsliðsnefnd fjármagnaði þetta umrædda verkefni upp á eigin spýtur.

Handbók og tengslanet yngri landsliða

Landsliðsnefnd hefur unnið að því að gera handbók fyrir yngri landsliðin. Vinnan er komin ágætlega af stað en mikilvægt er að handbókin nýtist sem best í starfi hjá yngri landsliðum, leikmönnum, foreldrum, þjálfurum jafnt sem stjórnarmönnum landsliðsnefndar og starfsfólki HSÍ. Þar þarf að koma skýrt fram markmið og hvernig hinu innra starfi er háttað.

Mikilvægt er að handbókin sé aðgengileg öllum þeim sem koma að starfi landsliða sér í lagi þeir sem eru að stíga sín fyrstu skref sem leikmenn yngri landsliða og þjálfarar. Mikilvægt er að hugsa handbókina sem lifandi plagg.

Eitt af því sem landsliðsnefnd telur að sé mikilvægt er það að auka tengsl landsliðanna við forelda og nýta þá betur sem auðlind. Efla má samskipti milli landsliðsnefndar, þjálfara, foreldra og leikmanna. Nefndarmenn töldu að litlar upplýsingar um hlutverk og mikilvægi foreldrastarfsins valdi því að þeir eru hræddir við að taka þátt. Ýmsar lausnir komu fram í umræðum m.a. tengt auknu upplýsingaflæði, fræðslu og samskiptum. Þar má nefna auknar upplýsingar til foreldra þar sem þjálfarar yngri landsliða geti stuðst við staðlaða upplýsingagjöf með handbók til foreldra. Aukið upplýsingaflæði ætti að vera öllum í hag.

Fóru nefndarmenn á fundi með þjálfurum og foreldrum og kynntu hlutverk nefndarinnar og hvernig hægt væri að auka þátttöku foreldra í starfinu.

Málþing um íslenskan kvenna handbolta

Landsliðsnefndin hefur verið að vinna að því að halda málþing um íslenskan kvennahandbolta og stefnt að því bæði starfsárin. Það er mikilvægt að efla hlut kvenna í handboltanum og skapa umræðu um hvert við viljum stefna og hverjar eru leiðirnar til að komast í fremstu röð. Erfitt hefur verið að koma því við á handbolta árinu en það er áhugi hjá nefndinni að stefna að því halda slíkt málþing. Þannig áfram verður unnið með verkefnið.

Málþingið mun hafa yfirskriftina: “Hvernig komumst við í fremstu röð”?

Markaðssetja og kynna íslenska landsliðið

Verulega hefur hallað á handbolta kvenna þegar kemur að umfjöllun í fjölmiðlum og netmiðlum. Handbolti karla er ávallt settur á hærri stall og umfjöllun um hann er meira áberandi. Vandinn liggur að einhverju leyti í rótrógönu grundvallarviðhorfi þar sem íþróttir kvenna eru einfaldlega ekki settar á sama stall og íþróttir karla og þannig er það búið að vera allt of lengi.

Nefndin hefur lagt áherslu á að reyna auka markvisst umfjöllun á A landsliðinu og almennt auka hlut kvenna í almennri umfjöllun um handknattleik og fá betri kynningu á leikina og liðið sjálft. Hefur ýmislegt verið gert til að auka umræðuna á netmiðlum og landsliðsnefnd hefur þó merkt aukna umfjöllun með áttakinu en ljóst er að hægt er og þarf að gera mun betur til að kvennaboltinn verði jafnfætis umfjöllun um karlaboltann.

Í fyrstu atrennu hafa netmiðlar verið að mestu notaðir og hefur verið unnið að því nota facebook síðuna “Stelpurnar okkar” til að kynna öll kvennalandsliðin. Auk þess var stofnuð Instragramsíða sem heitir “Stelpurnar okkar” jafnframt þar sem landsliðskonurnar hafa verið með kynningu í eina viku hver á því hvernig það er að vera handboltamaður í fremstu röð. Sést vel að yngri kynslóð hefur fylgst vel með þeim.

Íslenska kvennalandsliðið og landsliðsnefnd bauð öllum fyrrum landsliðskonum á landsleik Íslands-Þýskalands 11. október. Fyrrum landsliðskonurnar Guðríður Guðjónsdóttir og Margrét Berg Theodórsdóttir voru við miðasöluna í Vodafonehöllinni og tóku á móti landsliðskonum. Markmiðið er að reyna tengja þessa hópa betur saman, fyrrum og núverandi landsliðskonur.

Landsliðsnefnd kvenna og landsliðið hafði opna æfingu fyrir landsleikinn á móti Þýskalandi og bauð öllum iðkendum í 5, 4. og 3 flokki kvenna á æfinguna og á landsleikinn gegn Þýskalandi. Iðkendur fengu að hitta landsliðsleikmenn eftir æfinguna. Tókst þetta í alla staði mjög vel.

Önnur mál

Önnur mál Landsliðsnefnd hefur haft af því áhyggjur í vetur hvað erfiðlega gengur að fá afnot af íþróttahúsunum fyrir æfingatíma á meðan landsliðsvikum stendur. Nefndin hefur hvatt sína landsliðsþjálfara til að vera tilbúna með æfingaprógramm minnst 3 vikum fyrir æfingatörnina svo að hægt sé að fá sali fyrir verkefnið. Allir hafa lagst á eitt við að skipuleggja sig betu. Það er ósk landsliðsnefndar að félögin sýni þessu skilning og hjálpi landsliðunum með æfingatíma því að það verður að vera sameiginlegt verkefni að stuðla að sterkari landsliðum í framtíðinni.

Landsliðsnefnd

Landsliðsnefnd hélt 9 bókaða fundi auk annarra funda. Nefndin var í nánnum samskiptum við skrifstofu HSÍ og þjálfara landsliða. Kunnum við þeim þakkir fyrir gott samstarf.

Landsleikjalisti:

A-KVENNA

Dagsetning

Tími

Staður

Leikur

Úrslit

Fim. 19.mar.2015	17.00	Visp	Ísland - Sviss	23-27
Fös. 20.mar.2015	13.00	Visp	Ísland - Sviss	21-25
Lau. 21.mar.2015	17.00	Zofingen	Ísland - Sviss	28-24
Lau. 30.maí.2015	16.00	Gdansk	Ísland - Pólland	18-25
Sun. 7.jún.2015	18.30	Podgorica	Ísland – Svartfj.	19-28
Sun. 14.jún.2015	14.30	Laugardalshöll	Ísland – Svartfj.	19-19
Fim. 8.okt.2015	17.00	Antibes	Ísland - Frakkland	17-27
Sun. 11.okt.2015	16.00	Valshöllin	Ísland - Þýskaland	17-22
Lau. 28.nóv.2015	12.30	Gjövík	Ísland - Noregur	21-31
Sun. 29.nóv.2015	12.30	Lillehammer	Ísland - Noregur	23-36

U-19 kvenna

Fös. 17.apr.2015	16.30	SRC Kale	Ísland - Makedónía	22-24
Lau. 18.apr.2015	14.00	SRC Kale	Ísland - Svartfjallaland	17-23
Sun. 19.apr.2015	14.00	SRC Kale	Ísland - Holland	24-25

U-17 kvenna

Fös. 13.mar.2015	19.00	Þórshöfn	Ísland - Færeyjar	24-25
Lau. 14.mar.2015	17.00	Þórshöfn	Ísland - Rússland	17-34
Sun. 15.mar.2015	17.00	Þórshöfn	Ísland - Tékkland	29-30
Lau. 16.maí.2015	13.30	Laugardalshöll	Ísland - Færeyjar	27-20
Sun. 17.maí.2015	16.30	Laugardalshöll	Ísland - Færeyjar	25-37
Fös. 18.des.2015	13.30	Tarnowskie Gory	Ísland - Tékkland	19-21
Lau. 19.des.2015	13.00	Tarnowskie Gory	Ísland - Pólland	19-22
Sun. 20.des.2015	9.00	Tarnowskie Gory	Ísland - Hvíta-Rússland	26-23

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA HSÍ

Nefndarskipan var sem hér segir.

Einar Einarsson - formaður

Ingibjörg Ragnarsdóttir

Jakob Sigurðsson

Páll Ólafsson

Páll Þórólfsson

Helstu áherslur nefndarinnar voru eftirfarandi og var unnið að þeim eftir föngum:

- ✓ Að skapa landsliðum sem best umhverfi.
- ✓ Samhæfð þjálfun allra karlalandsliða.
- ✓ Stofna afrekshóp sem æfir oft en landsliðin.
- ✓ Samræmd leikkerfi hjá öllum landsliðum.
- ✓ Bæta líkamlega þjálfun hjá yngri leikmönnum.
- ✓ Bæta markmannsþjálfun.
- ✓ Allir landsliðsþjálfarar vinna í Sideline umhverfinu.
- ✓ Auka meðvitund leikmanna fyrir góðu líkamlegu ástandi.
- ✓ Efla næringarráðgjöf.

- ✓ Bæta hugarfarsþjálfun.

Landsliðsþjálfarar þetta starfsár voru:

- ✓ A landslið Aron Kristjánsson, Gunnar Magnússon og Ólafur Stefánsson.
- ✓ U20 ára liðið Gunnar Magnússon og Reynir Þór Reynisson.
- ✓ U18 ára liðið Einar Guðmundsson og Sigursteinn Arndal.
- ✓ U16 ára liðið Kristján Arason og Konráð Olavson.
- ✓ U14 ára liðið Heimir Rikharðsson og Magnús Kári Jónsson.

Stutt yfirlit yfir helstu þætti starfsins.

Karlalandslið Íslands

Eftir pólitískan ágreining fékk karlalandslið Íslands keppnisrétt á HM í Qatar 2015 en þá drógu sig tvær þjóðir úr keppni. Ísland tók pláss annarra ríkjana þar sem góður árangur á EM 2014 gerði það að verkum að liðið var fyrsta varapjód Evrópu. Ísland lenti í 11. sæti á HM og vantaði stöðugleika í leik liðsins eins og kemur fram í úrslitum leikja Íslands á mótinu. Eftir HM í Qatar bættist Ólafur Stefánsson inn í þjálfarateymi karlalandsliðsins ásamt því að sjá um afrekshóp karla. A-liðið lék 4 leiki í undankeppni Evrópumótsins í Póllandi 2016 og sigraði sinn riðil og fékk þar með keppnisrétt á EM. Einnig lék liðið 3 leiki í Golden League í Noregi sem var mjög sterkt mót og hafnaði liðið í 2 sæti.

Afrekshópur.

Stofnaður var Afrekshópur í apríl 2015 og var Ólafur Stefánsson ráðinn til að sjá um hann. Markmiðið er að ná utan um þjálfun væntanlegra landsliðsmanna í handknattleik, hlúa að og þróa efnilega leikmenn sem eru að spila í íslensku deildinni. Með þessu er verið að brúa bilið sem er á milli A-landsliðsins, Olís-deildarinnar og yngri landsliðanna. Hópurinn mun hittast reglulega yfir árið, 1-2 sinnum í mánuði yfir keppnistímabilið og vera síðan saman í maí til júní að loknu keppnistímabilinu. Hóparnir eru breytilegir sem þýðir að leikmenn geta unnið sig inn og út úr hópnum.

Horft er aðallega til leikmanna á aldrinum 17 til 22 ára.

Verkefnið byggist á heildarþjálfun afreksmannsins.

Handboltafræðin.

- Taktík og tækni – Áhersla á leikskilning.
- Markmannsþjálfun.
- Kynnast leikaðferðum A-liðsins.

Líkamleg þjálfun.

- Lyftingatækni.
- Líkamleg próf.
Æfingaprógrömm og eftirfylgni.

Næringarráðgjöf.

- Fyrirlestrar.
- Ráðgjöf.
- Viðtöl.

Andleg þjálfun.

- Fyrirlestrar.
- Viðtöl.
- Markmiðasetning o.fl.

Er þetta verkefni mjög mikilvægt í því að viðhalda afreksgetu landsliðanna og höfum við nú þegar fundið fyrir mikilvægi þessarar vinnu. Þeir aðilar sem sáu um framkvæmdina voru Ólafur Stefánsson, Aron Kristjánsson, Gunnar Magnússon, Óskar Bjarni Óskarsson, Gísli Guðmundsson, Guðmundur Hrafnkelsson, Max Akbachev, Einar Óli Þorvarðarson, Agnes Árnadóttir og Viðar Halldórsson.

Skipulag yngri landsliða.

Yngri landsliðin koma saman 5-6 sinnum á ári til að æfa og taka þátt í leikjum og mótum. Tíminn er vel nýttur til að æfa þau atriði sem þarf að laga og stilla saman hópinn. Samvinna er á milli landsliða um æfingar og æfingaleiki. Rauður þráður er í vinnu yngri landsliðanna. Þannig að leikkerfi, varrnaráherslur og fleira eru samrýmt þannig að leikmenn eiga auðveldar með að færast milli landsliða.

Helstu verkefni sem hafa verið í gangi á árinu:

Markmannsþjálfun – Reglulegar æfingar með okkar efnilegustu markmenn hafa staðið yfir allt árið. Teymið fer á æfingar hjá öllum yngri landsliðunum og kemur að þjálfun markvarða og hefur einnig tekið þátt í því að velja hvaða markmenn eru teknir inn í landsliðin. Verkefnið hefur gengið vel. Hugmyndir um að fá erlenda markmannsþjálfara til að koma og halda fyrirlestra til að efla starfið enn meira.

Líkamleg þjálfun – Búið er að mynda teymi sem sér um að skipuleggja styrktarþjálfun, sér um líkamleg test sem yngri landsliðin taka tvisvar á ári. Búið að búa til námskrá um hvernig á að standa að líkamlegri þjálfun barna og unglinga og búa til efni fyrir þjálfara og leikmenn til að vinna eftir. Næsta skref er að virkja þetta út í félögin. Halda námskeið með þjálfurum sem tengist þessari uppbyggingu þannig að þjálfararnir geti unnið þetta sjálfir út í félögunum. Markmiðið er að gera alla líkamlega þjálfum markvissari og árangursríkari. Einnig er unnið að því að útbúa gagnagrunn þar sem hægt er að nálgast niðurstöður mælinga fyrir öll yngri landslið.

Leikatriði – Búið að vinna í að samræma leikkerfi hjá öllum landsliðum. Rauður þráður milli landsliða.

Gagnagrunnur (Sideline) – Allir landsliðsþjálfarar eiga að vinna sína vinnu í Sideline Networks. Þar á allt skipulag varðandi viðkomandi landslið að vera. Leikgreiningar, æfingaseðlar, áætlanir og fleira. Hægt er að senda efni út til leikmanna í gegn um Sideline.

Landsleikjalisti:

A-karla

Dagsetning

Tími

Staður

Leikur

Úrslit

Sun. 4.jan.2015	16.00	Laugardalshöll	Ísland - Þýskaland	24-31
Mán. 5.jan.2015	19.30	Laugardalshöll	Ísland - Þýskaland	25-24
Fös. 9.jan.2015	19.15	Kristianstad	Ísland - Svíþjóð	24-30
Lau. 10.jan.2015	18.30	Álaborg	Ísland - Danmörk	30-29
Sun. 11.jan.2015	13.45	Árhús	Ísland - Slóvenía	32-32
Fös. 16.jan.2015	18.00	Doha	Ísland - Svíþjóð	16-24
Sun. 18.jan.2015	16.00	Doha	Ísland - Alsír	32-24
Þri. 20.jan.2015	18.00	Doha	Ísland - Frakkland	26-26
Fim. 22.jan.2015	18.00	Doha	Ísland - Tékkland	25-36
Lau. 24.jan.2015	16.00	Doha	Ísland - Egyptaland	28-25
Mán. 26.jan.2015	18.00	Doha	Ísland - Danmörk	25-30
Mið. 29.apr.2015	19.30	Laugardalshöll	Ísland - Serbía	38-22
Sun. 3.maí.2015	17.00	Nis	Ísland - Serbía	25-25
Mið. 10.jún.2015	16.45	Tel Aviv	Ísland - Ísrael	34-24
Sun. 14.jún.2015	17.00	Laugardalshöll	Ísland - Svartfjallaland	34-22
Fim. 5.nóv.2015	18.45	Osló	Ísland - Noregur	28-27
Lau. 7.nóv.2015	14.45	Osló	Ísland - Frakkland	25-23
Sun. 8.nóv.2015	19.30	Osló	Ísland - Danmörk	24-32

U-21 karla

Fös. 9.jan.2015	18.00	Strandgata	Ísland - Litháen	27-15
Lau. 10.jan.2015	14.00	Strandgata	Ísland - Noregur	21-27
Sun. 11.jan.2015	16.00	Strandgata	Ísland - Eistland	31-28

U-19 karla

Þri. 16.jún.2015	14.00	Doha	Ísland - Qatar	27-26
Fim. 18.jún.2015	18.45	Doha	Ísland - Qatar	31-26
Mán. 29.jún.2015	07.30	Gautaborg	Ísland - Finnland	26-22
Mán. 29.jún.2015	14.00	Gautaborg	Ísland - Georgía	32-19
Þri. 30.jún.2015	10.00	Gautaborg	Ísland - Portúgal	26-25
Mið. 1.júl.2015	10.30	Gautaborg	Ísland - Spánn	28-27
Mið. 1.júl.2015	17.30	Gautaborg	Ísland - Rúmenía	37-26
Fim. 2.júl.2015	10.15	Gautaborg	Ísland - Holland	45-23
Fös. 3.júl.2015	19.00	Gautaborg	Ísland - Svíþjóð	31-29
Lau. 8.ágú.2015	15.00	Yekaterinburg	Ísland - Þýskaland	34-26
Sun. 9.ágú.2015	13.00	Yekaterinburg	Ísland - Spánn	25-24
Þri. 11.ágú.2015	09.00	Yekaterinburg	Ísland - Egyptaland	31-29
Mið. 12.ágú.2015	11.00	Yekaterinburg	Ísland - Noregur	32-29
Fös. 14.ágú.2015	05.00	Yekaterinburg	Ísland - Venezuela	47-19
Sun. 16.ágú.2015	08.30	Yekaterinburg	Ísland - S-Kórea	34-28
Mán. 17.ágú.2015	10.45	Yekaterinburg	Ísland - Brasilía	32-27
Mið. 19.ágú.2015	10.30	Yekaterinburg	Ísland - Slóvenía	30-31
Fim. 20.ágú.2015	10.30	Yekaterinburg	Ísland - Spánn	26-22

U-17 karla

Sun. 17.maí.2015	13.30	Laugardalshöll	Ísland - Færeyjar	34-16
Lau. 16.maí.2015	16.30	Laugardalshöll	Ísland - Færeyjar	44-20
Sun. 27.des.2015	15.00	Merzig	Ísland - Saar	22-20
Mán. 28.des.2015	10.40	Merzig	Ísland - Holland	33-18
Mán. 28.des.2015	14.10	Merzig	Ísland - Pólland	27-18
Þri. 29.des.2015	11.30	Merzig	Ísland - Rúmenía	43-28
Þri. 29.des.2015	19.00	Merzig	Ísland - Þýskaland	21-28

U-15 karla

Lau. 16.maí.2015	15.00	Laugardalshöll	Ísland - Færeyjar	33-18
Sun. 17.maí.2015	12.00	Laugardalshöll	Ísland - Færeyjar	31-19
Fös. 6.nóv.2015	20.00	Dalhús	Ísland - Grænland	29-13
Lau. 7.nóv.2015	17.00	Dalhús	Ísland - Grænland	32-28
Sun. 8.nóv.2015	13.00	Dalhús	Ísland - Grænland	35-14

Apríl 2016

Einar Einarsson formaður landsliðsnefndar karla.

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ**Mótanefnd 2015-2016**

Vigfús Þorsteinsson, formaður.

Pétur Vilberg Guðnason

Arnar Þorkelsson

Ragnheiður Stephensen

Unnur Sigmarsdóttir

Starfsmaður mótanefndar var Róbert Gíslason og eru honum þökkun góð störf.

Líkt og áður fer starfsemi mótanefndar að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum, og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Einnig hélt mótanefnd nokkra fundi.


Samráðsfundir

Umferðartal meistaraflokka var kynnt í maí. 2015.

Formannafundur yngri flokka var haldinn í maí 2015, þar sem fyrirhugaðar breytingar á mótafyrirkomulagi fyrir þetta tímabil voru ræddar og samþykktar.

Deildarkeppni


Nú stendur til að breyta fyrirkomulagi meistaraflokks karla þannig að stefnan er tekin á 12 liða úrvalsdeild, en það er almenn skoðun að 12 liða deild með 8 liða úrslitakeppni sé besta fyrirkomulagið sem er í boði.



Til stendur að auðvelda félögum að senda til keppni venslalið eða ungmennalið ásamt því að lækka þröskuldinn fyrir 12 liða deild í 20 liða þátttöku í stað 22.

Síðastliðn 4 ár hefur liðafjöldi alltaf verið fleiri en 16 en það hafði þá ekki gerst í 12.

Málið er ekki alveg svona einfalt þegar kemur að mfl. Kvenna en þar erum við að lenda í sömu vandræðum með fjöldann þar eins og var í karladeildinni í einhver ár, að liðafjöldinn er of mikill fyrir eina deild og of lítill fyrir tvær deildir, en flest félögin í dag eru á því að halda þessu áfram í einni deild.



Ef síðustu tímabil eru skoðuð, þá sést að aðeins síðasta tímabil hefur haft þann fjölda (14) að hægt sé að hafa 2 deildir (8 og 6). Það þarf því lítið að gerast til að við þyrftum að færa keppnisfyrirkomulagið í eina deild. Því eru hugmyndir um að þó svo að viðmið fyrir 2 deildir séu 14 lið, þá skuli ekki fjölga deildum fyrr en liðafjöldi sé orðinn 16 og þá er smá slaki til að bregðast við fari það


þannig að liðum fækki tímabundið um 1 eða 2. Forsenda fyrir því að kvennalið sendi til keppni vensla- eða ungmennalið er að sjálfsögðu að við séum með 2 deildir og verður spennandi að sjá hvort einhver félög leggi í slíkt, en það hefur aldrei verið áður í kvennaboltanum.

Menn voru nokkuð djarfir þegar umferðartal mfl. karla var sett upp og gert var ráð fyrir að 2 fyrstu umferðirnar yrðu kláraðar fyrir jól. Það var gríðarlegt álag á Haukum og ÍBV, þar sem þau komust langt í Evrópukeppnum og þurfti m.a. að fresta bikarleik hjá ÍBV við HK fram febrúar, þar sem engin leið var að spila þann leik annarsstaðar. Þetta er eitthvað sem þarf að hafa í huga þegar sest er niður að vori og umferðartal næsta vetrar er samið. Það þarf alltaf að vera eitthvað plan B.

Yngri flokkar

Meðfylgjandi má sjá liðafjölda í 2.-4.fl. en það sést að liðum er frekar að fjölga en fækka og er það vel. Nú eru uppi hugmyndir um að lengja 3. flokk karla í 3 ár og stytta 2. flokk karla í 2 ár, með því yrði 3. fl. ka. og

kv. jafn langir. Verði það niðurstaðan, þá verður forvitnilegt að sjá hvernig það kemur til með að hafa áhrif á liðafjölda og þátttöku drengja á þessum aldri.



Breytingar á leikjum

Mestur tími mótanefndar fer í það að setja á og færa og fyrir 2 árum, breyttum við verklagi í yngri flokkum á þá leið að félög gætu samið um tilfærslu að því gefnu að nýr leiktími væri með beiðninni og samþykki beggja liða. Hugmyndin var sú að starfsmaður mótanefndar væri ekki milliliður heldur sæju þá félögin sjálf um þá samninga sem fylgja í svona ferli. Þetta er gert til að liðka til fyrir félögunum, því það hefur sýnt sig að allskonar vandamál eru að koma í yngri flokkum, sem eru ekki til staðar í meistaraflokkum. Leikmannafjöldi er oft bara rúmlega lið, einn markmaður, skólaskemmtun, Skrekkur, vetrarfrí, o.s.frv. Þetta hefur gefist vel að langmestu leyti en lið hafa verið að lenda í því að ýta vandamálum á undan sér og eru sumar deildir nokkuð þétt leiknar síðustu vikurnar.

Með handboltakveðju

Mótanefnd HSÍ.

SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR HSÍ

Haustfundur dómara og eftirlitsmanna var haldinn sunnudaginn 23. ágúst 2015 þar sem mættu rúmlega þrjátíu C-stigs dómarar og flestir eftirlitsmenn. Hér má sjá dagskrá fundarins;



Dagskrá

09:30	Morgunverður í boði HSÍ
10:00	Stighækkandi refsingar
12:00	Hádegisverður

12:45	HDSÍ – Skómátun, búningamál
13:15	HM21 – Arnar/Svavar
13:35	Samskipti dómara og þjálfara – Video klippur eftir leiki
14:10	Viðmið, eftirlit, niðurröðun, væntingar
15:00	Jóhann Ingi Gunnarsson - Fyrirlestur
16:10	HDSÍ – Sperruverðlaun, félagsstarfið framundan
17:00	Fundi slitið

Áður en fyrsta umferð í Íslandsmótinu hófst þurftu dómara að taka líkamlegt próf að hætti EHF/IHF og bóklegt próf í reglum sem þeir gátu tekið á internetinu <http://www.handballruletests.com/choose-lang/index/type/indoor> og þurftu að skila skjámynd með dagsetningu um að þeir hefðu staðist það.

Sú nýbreytni var tekinn upp að dómurum var skylt að senda inn æfingardagbók fyrir sumarið sem verður síðan notuð yfir allt keppnistímabilið.

Fundur var haldinn með þjálfurum sunnudaginn 30. ágúst þar sem farið var yfir haustfund dómara og þeim kynntar þær áherslur sem þar voru teknar. Mjög slæm mæting var á þann fund og í kjölfarið ákvað stjórn HSÍ að næst yrði beitt viðurlögum gagnvart þeim félögum/þjálfurum sem ekki mættu á árlegan haustfund dómaranefndar.

Annar fundur dómara og eftirlitsmanna var haldinn í janúar 2015 þar sem farið var yfir áherslur vetrarins, samskipti við þjálfara, áherslur á HM-kvenna, áherslur EHF á EM í Póllandi, frammistöðumat og tekin skrifleg próf.

Þriðji fundur dómara og eftirlitsmanna var haldinn með þeim átta þörum og eftirlitsmönnum í apríl sem liður í undirbúningi fyrir úrslitakeppni meistaraflókka karla og kvenna. Þar var farið yfir áherslur vetrarins og skerpt á nokkrum atriðum.

Átta A-stigs námskeið voru haldinn hjá jafn mörgum félögum eftir beiðni félaganna þar sem útskrifaðir voru 180 A-stigs dómarar. Þetta eru talsvert fleiri námskeið heldur en voru haldinn síðustu tímabil þar á undan.

Eitt B stigs námskeið var haldið og eitt C stigs námskeið.

Börkur Bóasson hefur borið hitann og þungan af fræðslunámskeiðum dómaranefndar auk þess sem Guðjón L. sá um C-stigs námskeið.

Dómaratengiliðir voru virkjaðir aftur og hér að neðan má sjá lista yfir þá sem voru tilkynntir frá félögunum;

Dómaratengiliðir tímabilið 2015-2016

Nafn	Félag	Netfang	Sími
Inga Lilja Lárusdóttir	Afturelding	ingal@ru.is	825 6445
Pórarinn Pórarinsson	FH	totidengsa@gmail.com	866 7700
Arnór Ásgeirsson	Fjölur	asgeirsson.arnor@gmail.com	474847 5251
Ingvar Guðjónsson	Fram	ingvarg@ingvarg.com	846 1005
Margrét E. Hjartardóttir	Fylkir	Margret.Hjartardottir@rb.is	893 0208
Hjalti Hreinsson	Hamrarnir	hjaltihreinsson@gmail.com	6599533
Guðjón Ág. Sigurðsson	Haukar	gudjon@nyform.is	8240032
Guðmundur Ingvarsson	HK	gudmundur.ingvarsson@samskip.com	858 8163
Einar Sigurpálsson	HKR	enar@merkiprent.is	421 5805
Grétar Eiríksson	Hörður	gretareir@gmail.com	
Viktor Hólm Jónmundsson	ÍBV	viktor@ibv.is	897 8280
Kristín Aðalsteindóttir	ÍR	kristin.adalstein@gmail.com	822 0072
Stefán Guðnason	KA	stefan@ka.is	868 2396
Siguróli Sigurðsson	KA	siguroli@ka.is	692 6646
Hjalti Hreinsson	KA/Pór	hjaltihreinsson@gmail.com	6599533
Jón Þór Víglundsson	KR	jon@vertigo.is	
Birgir Örn Harðarson	Mílan	birgir@trs.is	
Þorsteinn Rúnar	Selfoss	thorsteinn@bonus.is	
Ragnheiður Stephensen	Stjarnan	rs@gardaskoli.is	
Alexander Örn Júlíusson	Valur	alexander@valur.is	891 7000
Sæþór Fannberg	Víkingur	saethorf@gmail.com	8696941
Jónas Halldór Friðriksson	Völsungur	volsungur@volsungur.is	464 2052
Kristján Gylfason	Þór Ak.	daglegtbraud@internet.is	894 6011
Þorvaldur Sigurðsson	Þór Ak.	valdi@isfell.is	660 8853
Þórður G. Einarsson	Þróttur	broi@samhentir.is	862 4293

Dómarar og eftirlitsmenn EHF hafa verið á ferð og flugi í vetur þar sem þeim hefur verið úthlutað fjölda mjög góðra verkefna.

Anton og Jónas hafa fengið mörg verkefni í EHF meistaradeild karla í vetur, dæmdu úrslitaleik í EHF Cup, á HM kvenna í Danmörku í desember, á Asíuleikunum, forkeppni olympíuleikanna í Póllandi og dæma á olympíuleikunum í Brasilíu í sumar.

Arnar og Svavar hafa verið á ferð og flugi í vetur á vegum EHF og fengu mörg verkefni.

Ingvar Guðjónsson hefur dæmt með Eyðun Samuelson frá Færeyjum í evrópukeppninni síðastliðinn þrjú tímabil og hafa þeir fengið fjölda verkefna.

Bjarki og Gunnar Óli dæmdu dæmdu fóru á YRP námskeið í Frakklandi í mars fengu viðurkenningu sem EHF dómarar framtíðarinnar.

Dómaranefnd hélt nokkra fundi þar sem starfsmaður HSÍ, Róbert Gíslason, sat fundi og skráði þá. Arna Garðarsdóttir, Margrét Berg Haraldsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ákváðu að hætta í dómaranefnd og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir þeirra störf. Ekki náðist að manna í þeirra stöður í vetur.

Kristján Halldórsson var dómarnefnd innan handar við að fylgjast með líkamlegu atgervi dómara sjötta árið í röð og skilaði það sér í besta líkamlega atgervi dómara frá upphafi. Róbert Gíslason hefur veitt ómetanlega aðstoð við boðun dómara og utanumhald við rekstur dómaramála. Dómarnefnd færir þeim félögum þakkir fyrir frábært framlag.

Dómarnefnd HSÍ 2015-2016.

Guðjón L. Sigurðsson, formaður
Hörðu Geirsson
Valgeir Ómarsson

EHF/IHF dómara.

Anton Gylfi Pálsson – Jónas Elíasson
Arnar Sigurjónsson – Svavar Pétursson

EHF dómara.

Ingvar Guðjónsson

EHF Candidates.

Enginn

EHF Young Referee Project (YRP)

Bjarki Bóasson – Gunnar Óli Gústafsson

Eftirlitsmenn EHF

Gunnar K. Gunnarsson
Guðjón L. Sigurðsson
Kristján Halldórsson
Ólafur Örn Haraldsson

Eftirlitsmenn HSÍ

Aðalsteinn Örnólfsson
Einar Sveinsson
Hlynur Leifsson
Valgeir Ómarsson

Guðjón L. Sigurðsson (sign) formaður

SKÝRSLA FRÆÐSLU- OG ÚTBREIÐSLUNEFNDAR HSÍ

Þjálfaramenntun:

Í haust var farið í endurskoðun á þýðingu á námskrá EHF um þjálfaramenntun og leiddi Aron Kristjánsson þá vinnu. Eins hefur verið unnið að breytingum á heildarskipulagi þjálfaramenntunnar hér á landi og það aðlagð að Rinck áætlun evrópska handknattleikssambandsins (EHF). Framtíðarsýnin er að innan fjögurra ára þurfi allir handknattleiksþjálfarar að hafa menntun til að mega starfa sem þjálfarar svipað og þekkist annarsstaðar í Evrópu.

Þjálfaramenntunin skiptist í þrjú stig sem eru kennd hér heima og svo MasterCoach sem þjálfarar þurfa að sækja erlendis.

1. stig – Barnaþjálfun (12 ára og yngri)

1. 7. og 8. flokkur, helgarnámskeið. 18 tímar
2. Bókleg íþróttافرæði, fjarnám (ÍSÍ, 1. hluti) 30 tímar
3. 6. flokkur, helgarnámskeið. 18 tímar

2. stig – Unglingaþjálfun (yngri flokkar að meistaraflokki)

1. 3. - 5. flokkur, helgarnámskeið. 25 tímar
2. Bókleg íþróttافرæði, fjarnám (ÍSÍ, 2. hluti). 50 tímar
3. Verkefni, áætlanagerð (ársplan, vikuplan, tímaseðill). 20 tímar
4. Styrktarþjálfun, helgarnámskeið. 25 tímar
5. Vettvangsnám, skýrsla. 35 tímar
6. 3. - mfl., helgarnámskeið. 25 tímar

3. stig – Meistaraflokkspjálfun/Afrekspjálfun

1. Mfl þjálfun, helgarnámskeið. 20 tímar
2. Íþróttافرæði, fjarnám 60 tímar
3. Styrktarþjálfun, helgarnámskeið. 20 tímar
4. Mfl þjálfun, helgarnámskeið. 20 tímar
5. Verkefni, ársplan-skipulag. 20 tímar
6. Vettvangsnám, heimsókn til liðs og mentor fyrir þjálfara á 2. stigi. 40 tímar
7. Mfl þjálfun, helgarnámskeið. 20 tímar

Til að geta talist útskrifaður á einhverju stigi þarf að hafa klárað alla hluta námsins á því tiltekna stigi. Sérstök matsnefnd metur þjálfara inn í kerfið og er þar tekið mið af námi, reynslu o.fl.

Þann 15. október var Magnús Kári Jónsson ráðinn til starfa á skrifstofu HSÍ með það í huga að koma þjálfaramenntun sambandsins aftur af stað. Þá var farið í að undirbúa námskeið á öllum stigum 8. - 10. janúar. Um mánaðarmótin nóv/des var farið í að fá fyrirlesara á námskeiðin, lagt var upp með að fá reynda þjálfara til starfa og í fyrsta skipti fá þeir greitt fyrir vinnu sína. Fundað var með hverjum og einum, þar var sérstaklega komið inná að þeir fylgdu áherslum á því stigi sem þeir kenndu. Frekar væri farið ítarlega í það en að fara í flóknara efni sem kemur á síðari stigum námsins.

Á 1. stigi er mikil tenging við almenna þjálfun barna og því var lagt upp með að hafa menntaða íþróttافرæðinga við kennsluna þar. Auk þess var Rauði kross Íslands fenginn til að sjá um 4 tíma skyndihjálparnámskeið. Á 2. og 3. stigi var lagt upp með að fá reynda þjálfara sem hafa reynslu af námskeiðum hér heima og erlendis.

46 voru skráðir á námskeiðin; 15 á 1. stig, 20 á 2. stig og 10 á 3. stig.

Námskeiðin gengu í heildina vel og var almenn ánægja meðal þátttakenda að þeim loknum.

Tekin var ákvörðun að senda út kennslukönnun í stíl við þær sem er notaðar á háskólastigi hér á landi á alla þátttakendur. Finnur Jónsson nemi í HÍ hafði umsjón með könnuninni, hann var í starfsnámi hjá HSÍ í janúar og febrúar. Niðurstöður úr þeim má finna í skýrslu sem unnin var um þessi námskeið.

Í framhaldi af þessum námskeiðum var komið af stað mentor-kerfi þar sem þjálfarar á 3. stigi tóku út æfingar hjá þjálfurum á 2. stigi. Auk þess mættu þjálfarar á 2. stigi í heimsókn á æfingu hjá þjálfurum á 3. stiginu (mentor) og unnu verkefni út frá æfingunni. Þessi hluti námsins hefur þótt koma vel út og er almenn ánægja með fyrirkomulagið.

Í framhaldi af þessum námskeiðum var ákveðið að næstu námskeið verði haldin helgina 3. – 5. júní.

Markmannsþjálfun HSÍ:

Gísli Guðmundsson hefur unnið kennslumyndbönd um markmannsþjálfun frá 3. – 6. flokks. Eitt myndband fyrir hvern flokk. HSÍ hefur keypt efnið af Gísla og mun gefa þau út á heimasíðu HSÍ nú í vor og verður það auglýst sérstaklega þegar þar að kemur.

Handbolti í skólum:

Alþjóðahandknattleikssambandi (IHF) gaf HSÍ 1000 mjúkbolta í tengslum við átakið „Handbolti í skólum“ (e. Handball at school). Aðildarfélögum var boðið að koma þessum boltum í sína hverfissskóla ásamt einföldum leiðbeiningum um hvernig hægt sé að leik handbolta í íþróttatímum á einfaldan og skemmtilegan hátt.

IHF hefur gefið út efni um átakið og er það efni nú inná heimasíðu HSÍ á ensku. Til stendur að þýða efnið yfir á íslensku í sumar. <http://hsi.is/fraedsluefni/handbolti-i-skolum/handbolti-i-skolum/>

Stefnan er að vera með námskeið í byrjun ágúst þar sem íþróttakennurum býðst að endurmennta sig. Þar væri um að ræða ítarlega kynningu á mjúkbolta (e. softball) og hvernig má nýta í íþróttatímum grunnskóla.

Annað

Fræðslu- og útbreiðslunefnd var skipuð aðeins einum manni í vetur, Gunnari Erlingssyni. Til viðbótar bætist undirritaður á skrifstofu til að sinna ýmsum málefnum nefndarinnar. Það er ljóst að fjölga þarf í fræðslunefnd sem fyrst til þannig að starfið verði fjölbreyttara og við náum til fleiri aðila með okkar starfi. Þetta verður að vera áhersluefni fyrir næsta vetur.

f.h. fræðslu- og útbreiðslunefndar,

Magnús Kári Jónsson

SKÝRSLA AGANEFNDAR HSÍ

Í aganefnd sátu á starfsárinu eftirtaldir:

Gunnar K. Gunnarsson, formaður
Vala Valtýsdóttir, lögfræðingur
Einar Sveinsson

Til vara:

Þorsteinn Einarsson

Á starfsárinu fram til 22. apríl hélt aganefnd 22 bókaða fundi og tók fyrir 46 mál sem henni voru send. Öll mál voru afgreidd. Hér er um talsverða fækkun að ræða milli ára. Of mörg mál eru enn vegna framkomu leikmanna í yngri flokkum og er það hlutur sem aganefnd telur að aðildafélög HSÍ hvert og eitt þurfi að fara yfir hjá sér.

Aganefnd fjallar fyrst og fremst um brot vegna rauðra spjalda með skýrslu en einnig um rautt spjald við 3ju ítrekun eða fleiri, sem og mál sem til hennar er vísað af stjórn HSÍ eða framkvæmdastjóra.

Gunnar K. Gunnarsson

Formaður.

10. Gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ

Þingforseti lagði til að sameinaður verði dagskrárliður 10. og 12., að reikningar gjaldkera og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sé lögð fram undir sama dagskrárliðnum. Að því loknu verði opnað fyrir umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Því var ekki mótmælt.

Hjalti Hreinsson gjaldkeri lagði þá fram reikninga og gerði grein fyrir fjárhagsáætlun næsta árs. Skjölin hafa verið öllum aðgengileg í nokkrar vikur. Reikningar eru staðfestir af stjórn HSÍ. Reikningar eru yfirfarnir af endurskoðanda og tveimur skoðunarmönnum hjá Fjárstoð ehf.

Fjárhagsáætlun (12. liður) fer fyrir fjárhagsnefnd.

Formaður tók þá til máls, ítrekaði að áætlunin færi fyrir nefnd, hreyfi enginn mótmæli við því. Sem enginn og gerði. Það var því samþykkt.

Handknattleikssamband Íslands

Ársreikningur

2015

Handknattleikssamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík
kt. 590169-4049

Handknattleikssamband Íslands

Ársreikningur

2015

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-8

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Handknattleikssambands Íslands (HSÍ).

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir HSÍ vegna ársins 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða HSÍ við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Kópavogi, 15. Apríl 2016



Fjárfstöð ehf

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning sem áritaður er af Fjárfstöð ehf. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sambandsins og ber hún ábyrgð á honum í samræmi við starfskyldur hennar.

Við könnunina kom ekkert það fram sem bendir til annars en reikningsskilna séu í samræmi við lög og reglur sem um starfseminna gilda.

Reykjavík, 15. apríl 2016



Skýrsla stjórnar

Hagnaður HSI á árinu 2015 nam kr. 911.205. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 50.508.781, bókfært eigið fé í árslok er kr 7.403.926.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra HSI koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri HSI staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.



Reykjavík, 15. apríl 2016

Í stjórn





Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur 2015

	Skýr.	2015	2014
Styrkir ÍSÍ og Lottó		50.753.247	47.942.963
Aðrir styrkaraðilar		99.168.140	115.492.391
Tekjur af landsleikjum		16.998.208	21.922.534
Íslandsmót		17.129.861	19.320.108
Aðrar tekjur		12.192.955	13.549.196
Rekstrartekjur alls:		196.242.411	218.227.192
Kostnaður landsliða		(84.259.504)	(103.297.363)
Laun og launatengd gjöld		(41.326.490)	(40.226.898)
Verktakagreiðslur		(19.765.103)	(15.769.130)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(6.749.738)	(12.994.668)
Annar rekstrarkostnaður		(12.283.334)	(9.598.687)
Mótakostnaður		(29.065.990)	(33.353.661)
Rekstrargjöld alls:		(193.450.159)	(215.240.407)
Rekstrarhagnaður		2.792.252	2.986.785
Fjármunatekjur	2	963.159	61.191
Fjármagnsgjöld	3	(2.844.206)	(2.262.980)
Hagnaður ársins		911.205	784.996

Efnahagsreikningur 31.12.15

Eignir	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	6.299.061	3.673.924
		<u>6.299.061</u>	<u>3.673.924</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	22.832.288	45.732.077
Aðrar skammtímaskröfur	5	14.720.932	6.014.057
Handbært fé	5	22.500	86.535
		<u>37.575.720</u>	<u>51.832.669</u>
Eignir		<u>43.874.781</u>	<u>55.506.593</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	6	7.403.926	6.492.721
Eigið fé		<u>7.403.926</u>	<u>6.492.721</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	7	22.077.468	41.025.814
Ógreidd laun og launatengd gjöld		1.235.073	3.251.286
Yfirdráttur bankareikninga		11.951.019	4.736.772
Aðrar skammtímaskuldir	7	1.207.295	0
		<u>36.470.855</u>	<u>49.013.872</u>
Skuldir		<u>36.470.855</u>	<u>49.013.872</u>
Eigið fé og skuldir		<u>43.874.781</u>	<u>55.506.593</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		2.792.252	2.986.785
Afskriftir		2.032.315	1.100.825
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		4.824.567	4.087.610
Rekstartengdar eignir, lækkun (hækkun)		14.192.914	(10.069.035)
Rekstartengdar skuldir, hækkun (lækkun)		(12.543.017)	7.622.765
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		6.474.464	1.641.340
Innborgaðir vextir og arður		963.159	61.191
Greiddir vextir		(2.844.206)	(2.262.980)
Handbært fé frá (til) rekstrar		4.593.417	(560.449)
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	4	(4.657.452)	0
		(4.657.452)	0
Fjármögnunarhreyfingar			
		0	0
Lækkun handbærs fjár		(64.035)	(560.449)
Handbært fé í upphafi árs		86.535	646.984
Handbært fé í lok árs		22.500	86.535

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Orðið var gefið laust

- Jón Þór frá KR þakkaði fyrir greinargóða skýrslu og fagnar nýbreytni við framsetningu skýrslu.
- Inga Lilja frá Aftureldingu spurði gjaldkera hve mikið af viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum séu 4 ára eða eldri.
- Svar gjaldkera: Það var ærið verkefni að fara í gegnum nánast hverja einustu kröfu og skoða þær og hverju væri hægt að ná inn. Allt var aldursgreint og engin krafa nema mögulega einhverjar örfáar félagakröfur eru þetta gamlar. Aðrar eru nýlegar, mótagjöld og annað.

Enginn annar kvaddi sér hljóðs.

Þá bar formaður fram skýrslu og reikninga til samþykkis.

Reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

12. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsár

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2016

	Skýr.	2016 Áætlun	2015 Rauntölur	2015 Áætlun
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og styrkir	1	56.910.000	57.753.247	54.500.000
Aðrir styrktaraðilar	2	107.000.000	92.168.140	116.200.000
Tekjur af landsleikum	3	16.600.000	16.998.208	17.000.000
Íslandsmót	4	15.451.000	17.129.861	15.951.000
Tekjur af mótum	5	10.100.000	12.192.955	10.500.000
Rekstrartekjur alls		206.061.000	196.242.411	214.151.000
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	6	67.440.076	61.091.593	59.140.733
Pátttaka í mótum	7	90.708.522	84.259.504	102.805.000
Kostnaður v. Mótahalds	8	30.500.000	30.066.990	28.500.000
Rekstur mannvirkja og gólf	9	1.700.000	1.739.708	1.100.000
Rekstur skrifstofu	10	5.240.000	5.055.704	11.283.204
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	11	2.600.000	1.472.967	3.100.000
Kostnaður v. Samkeppnisreksturs	12	1.750.000	1.564.890	1.410.000
Annar kostnaður	13	1.100.000	6.166.488	1.750.000
Afskriftir v. Íþróttagólfs		2.032.315	2.032.315	1.100.825
Rekstrargjöld samtals		203.070.913	193.450.159	210.189.762
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		2.990.087	2.792.252	3.961.238
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur	15	65.000	963.159	65.000
Vaxtagjöld	15	-900.000	-2.844.206	-900.000
Dráttarvextir	15	-1.250.000	0	-1.250.000
		-2.085.000	-1.881.047	-2.085.000
Hagnaður (tap) tímabilsins		905.087	911.205	1.876.238

13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu

Davíð G. Gíslason, formaður laga- og allsherjarnefndar, renndi stuttlega yfir breytingartillögur. Hann hrósaði góðu samstarfi við félögin.

Þingskjal nr. 4.



59. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

23. apríl 2016

Þingskjal nr: 4

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

I. kafli Almenn ákvæði og hlutverk

1. gr. Heiti og aðsetur

Handknattleikssamband Íslands, (HSÍ), er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í handknattleik innan ÍSÍ.

Aðsetur HSÍ og varnarþing skal vera í Reykjavík.

Merki HSÍ sýnir knött með HSÍ skammstöfunina. Bókstafir eru í íslensku fánalitunum og knöttur er brúnn. Fáni HSÍ er hvítur með merki HSÍ í miðju og orðin „Handknattleikssamband Íslands” efst í fána.

2. gr. Hlutverk og tilgangur HSÍ

HSÍ er æðsti aðili handknattleiks á Íslandi og er hlutverk þess í megin atriðum:

- að hafa yfirumsjón allra íslenskra handknattleiksmála
- að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga
- að setja íslenskum handknattleik nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- að löggilda dómara, þjálfara menn til dómarastarfa og veita þeim réttindi
- að standa fyrir og úthluta handknattleiksmótum
- að standa vörð um uppeldislegt gildi handknattleiks á Íslandi
- að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni
- að koma fram erlendis fyrir hönd handknattleiks á Íslandi
- að vinna að öðrum þeim málum er varða handknattleik á Íslandi

HSÍ starfar sjálfstætt og er hlutlaust er varðar stjórnmal og trúarbrögð. HSÍ skal gæta jafnréttis og jafnræðis. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og nefnda á vegum HSÍ. Aðilar skulu njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

3. gr. Aðild að samtökum

HSÍ er aðili að:

- Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, (ÍSÍ)
- Alþjóðahandknattleikssambandinu, (IHF)
- Handknattleikssambandi Evrópu, (EHF)

HSÍ skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ og sjá um að reglur varðandi handknattleik séu í samræmi við alþjóðareglur. Reglur og ákvarðanir HSÍ eru bindandi fyrir aðila að HSÍ; félög, leikmenn, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá sem eru innan vébanda aðildarfélaga HSÍ.

II. kafli Aðild að HSÍ

4. gr. Réttur að aðild

Öll félög innan ÍSÍ er æfa, iðka og keppa í handknattleik eru aðilar að HSÍ.

5. gr. Réttindi og skyldur aðildarfélaga

Öll aðildarfélög HSÍ hafa rétt til að taka þátt í mótum sem eru skipulögð á vegum HSÍ.

Allur handknattleikur skal fara fram samkvæmt lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og ÍSÍ og alþjóðlegum, (IHF), leikreglum sem samþykktar hafa verið af HSÍ og ber aðildarfélögum skylda til þess að virða þær reglur.

Félag sem tekur þátt í mótum á vegum HSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, þjálfarar, dómarar og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir HSÍ, IHF og EHF.

Félag sem tekur þátt í mótum á vegum HSÍ er skylt að virða ákvarðanir stjórnar HSÍ, nefnda HSÍ og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

Héraðssamböndin og íþróttabandalögin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar HSÍ. Héraðssambönd, íþróttabandalög og aðildarfélög skulu senda stjórn HSÍ skýrslu um öll handknattleiksmót sem þau halda og ársskýrslur sínar sé þess óskað.

Aðildarfélög HSÍ skuldbinda sig til að vinna að því að koma í veg fyrir lyfjamisnotkun.

Aðildarfélög HSÍ skulu halda bókhald yfir starfsemi sína í samræmi við gildandi lög og reglur um bókhald.

Aðildarfélög HSÍ skuldbinda sig til þess að vera ekki aðilar að öðru handknattleikssambandi eða taka þátt í mótum á vegum annars handknattleikssambands nema með sérstöku samþykki HSÍ, IHF eða EHF.

Aðildarfélag er brýtur gegn ofangreindum skyldum skal hlíta viðurlögum þeim sem nánar eru ákvörðuð í lögum þessum, lögum um dómstóla HSÍ og reglugerðum HSÍ.

Leikmenn aðildarfélaga skulu vera skráðir í samræmi við reglugerð HSÍ.

6. gr. Aðrar skyldur.

Aðildarfélög, HSÍ, leikmenn og aðrir innan HSÍ skuldbinda sig til að leika handknattleik í samræmi við ákvæði þessara laga og reglugerða HSÍ og í samræmi við lög og reglur IHF og EHF.

Ef ákvæði reglugerða og leikreglna HSÍ stangast á við eða ganga lengra heldur en reglur IHF eða EHF, þá gilda reglugerðir og leikreglur HSÍ.

III. kafli Skipulag HSÍ

7. gr. Stjórnkerfi HSÍ

Málefnum HSÍ stjórna:

- handknattleiksping sem fer með æðsta vald í málefnum HSÍ og setur lög sambandsins.
- stjórn HSÍ sem fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga.
- fastanefndir HSÍ sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum HSÍ og starfsreglum sem stjórn HSÍ setur þeim.
- sérstakar nefndir sem skipaðar eru af handknattleikspingi eða stjórn HSÍ og starfa að afmörkuðum málefnum.
- framkvæmdastjóri HSÍ sem ber ábyrgð á daglegum rekstri sambandsins og skrifstofu HSÍ sem sér um daglega umsýslu verkefna.

Dómstig HSÍ eru tvö, dómstóll HSÍ og áfrýjunardómstóll HSÍ, og skulu starfa samkvæmt lögum þessum.

IV. kafli Handknattleiksping

8. gr. Boðun

Handknattleiksping skal haldið árlega eigi síðar en 1. maí. Stjórn HSÍ ákveður þingstað og skal boða það með rafrænum hætti með eins mánaðar fyrirvara. Handknattleikspingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

9. gr. Réttur til þingsetu

Handknattleiksping sitja fulltrúar frá aðildarfélögum og sambandsaðilum HSÍ.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við fjölda iðkenda og meistaraflokksliða á vegum HSÍ þannig að:

1. fyrir færri en 100 iðkendur er einn fulltrúi
2. fyrir 100 til 200 iðkendur eru tveir fulltrúar
3. fyrir 200 til 300 iðkendur eru þrír fulltrúar
4. fyrir 300 iðkendur eða fleiri eru fjórir fulltrúar
5. fyrir að hafa lið í meistaraflokki sem tekur þátt í úrvalsdeild eða 1.deild fæst einn fulltrúi

Hvert félag getur þó aldrei fengið fleiri en 4 fulltrúa.

Á handknattleikspingi hafa aðeins þingfulltrúar atkvæðisrétt þó eingöngu fulltrúar aðildarfélaga og sambandsaðila sem eru skuldlausir við HSÍ.

Hver þingfulltrúi fer með eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf, sem gefin eru út af aðildarfélögum eða sambandsaðilum á þar til gerðu eyðublaði sem HSÍ sér þeim fyrir. Skulu þau staðfest af kjörbréfanefnd. Ekki er unnt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis.

Á handknattleikspingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a. stjórn HSÍ
- b. skoðunarmenn reikninga HSÍ
- c. framkvæmdastjórn ÍSÍ
- d. framkvæmdastjórar HSÍ og ÍSÍ
- e. heiðursformenn HSÍ
- f. allir nefndarmenn fastanefnda HSÍ
- g. dómarar dómstóls og áfrýjunardómstóls HSÍ
- h. fulltrúi menntamálaráðuneytisins
- i. stjórn HDSÍ
- j. auk þess getur stjórn HSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til

10. gr. Málefni

Málefni sem aðildarfélög eða sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn HSÍ minnst 21 degi fyrir þingið og skal stjórnin senda öllum aðildarfélögum og sambandsaðilum þau málefni eigi síðar en 7 dögum fyrir þingsetningu ásamt dagskrá þingsins.

Eigi síðar en viku fyrir boðað handknattleiksping skal stjórn HSÍ kynna aðildarfélögum og sambandsaðilum reikninga sambandsins ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

11. gr. Dagskrá

Störf handknattleikspings eru:

1. þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi
2. kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

3. kosning þingforseta og varaþingforseta
4. kosning þingritara og varaþingritara
5. þinggerð síðasta árs lögð fram
6. ávörp gesta
7. álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt
8. kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins
9. lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar
10. gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ
11. umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis
12. stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsár
13. tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu
14. teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar
15. álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær
16. ákveða þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils
17. önnur mál
18. kosning stjórnar
19. kosning 2 skoðunarmanna og 2 til vara
20. kosning í dómstóls HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir
21. kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir
22. kosning fulltrúa á íþróttþing ÍSÍ
23. þingslit

Stjórn HSÍ skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ, aðildarfélögum og sambandsaðilum HSÍ fundargerð ársþings og gildandi lög og reglugerðir sambandsins í síðasta lagi 1. ágúst ár hvert.

12. gr. Atkvæðagreiðsla

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send aðildarfélögum og sambandsaðilum. Þó skal óheimilt að afgreiða tillögur um breytingar á lögum þessum sem lagðar eru fram eftir að handknattleiksþing er hafið, nema slíkt sé nauðsynlegt vegna annarra tillagna sem samþykktar hafa verið á þinginu eða fluttar sem breytingartillögur við aðrar tillögur sem liggja fyrir þinginu.

Þingfulltrúar á handknattleiksþingi greiða atkvæði um mál með handauppréttingu. Ef ¼ þingfulltrúa óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu skal þingforseti verða við ósk þeirra.

Ákvarðanir sem teknar eru á handknattleiksþingi skulu taka gildi strax nema annað sé ákveðið á þinginu.

13. gr. Aukaping

Aukaping má halda ef nauðsyn krefur að mati stjórnar HSÍ eða helmingur aðildarfélaga og sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningafresti til aukapings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Kjósa má nýjan fulltrúa í stað þess sem er forfallaður. Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn fimm manna, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda reglur um reglulegt handknattleiksþing.

V. kafli Stjórn HSÍ

14. gr. Skipulag stjórnar HSÍ

Stjórn HSÍ skipa:

- a. formaður
- b. varaformaður
- c. ritari
- d. gjaldkeri
- e. formaður dómaranefndar
- f. formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar
- g. formaður landsliðsnefndar karla
- h. formaður landsliðsnefndar kvenna
- i. formaður mótanefndar

Varamenn í stjórn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í stjórnina í sömu röð og þeir eru kosnir.

15. gr. Kosning stjórnar HSÍ

Stjórn HSÍ er kosin á handknattleiksþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnina skipa 9 menn.

Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann til eins árs, næst skal kjósa 4 stjórnarmenn til tveggja ára. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.

Næst skal kjósa 3 menn sem varamenn til eins árs. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.

Tilkynning um framboð til embættis formanns og stjórnar HSÍ skal berast skrifstofu HSÍ minnst 21 degi fyrir þing. Uppstillingarnefnd er þó heimilt að samþykka framboð sem fram kemur síðar.

Til þess að ná kjöri sem formaður HSÍ þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða.

Allar kosningar til formanns og stjórnar skulu vera skriflegar. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á. Við kosningu á milli annarra en formanns á handknattleiksþingi gildir sú regla að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir að. Fáí fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

16. gr. Verkaskipting stjórnar HSÍ

Formaður skal boða til stjórnarfunda og stjórna þeim.

Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundi skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Stjórn HSÍ skal skipta með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum. Á fyrsta stjórnarfundi skal stjórnin skipta með sér verkum þannig að einn stjórnarmaður er varaformaður, annar er gjaldkeri, þriðji er ritari, fjórði er formaður dómaranefndar, fimmti er formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar, sjötti er formaður landsliðsnefndar karla, sjöundi er formaður landsliðsnefndar kvenna og sá áttundi formaður mótanefndar.

Stjórn HSÍ setur framkvæmdastjóra starfslýsingu.

Framkvæmdastjóri HSÍ fer með prókúru en allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu HSÍ skulu samþykktar af meirihluta stjórnar.

17. gr. Starfssvið stjórnar HSÍ

Starfssvið stjórnar HSÍ er:

- a. að sjá til þess að ákvörðunum og ályktunum handknattleiksþings sé framfylgt og að lög og reglugerðir HSÍ séu haldnar
- b. að setja nauðsynlegar reglur og reglugerðir um handknattleik á Íslandi í samræmi við lög þessi
- c. að bera ábyrgð á fjármálum HSÍ
- d. að ráða framkvæmdastjóra til starfa samkvæmt starfslýsingu
- e. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- f. að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um handknattleiksmál, sem lög þessi og/eða reglugerðir HSÍ ná ekki yfir
- g. að annast útgáfu á lögum þessum og reglugerðum fyrir handknattleik, sem jafnan séu í samræmi við alþjóðareglur
- h. að ráða landsliðsþjálfara til starfa
- i. að semja um og taka ákvörðun um þátttöku íslenskra landsliða í keppnum erlendis og koma fram erlendis fyrir hönd íslensks handknattleiks
- j. að staðfesta ákvarðanir heiðursmerkjanefndar um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga
- k. að tilnefna menn til starfa á vegum alþjóðasamtaka m.a. eftir tilnefningu fastanefnda
- l. að skipa menn í nefndir HSÍ
- m. að velja handknattleiksmenn ársins
- n. að skipuleggja daglegan rekstur sambandsins
- o. að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur
- p. að hafa yfirstjórn með landsmótum
- q. að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót sem haldin eru á Íslandi og hafa samráð við framkvæmdastjórn ÍSÍ um ákvörðun á landsmótum og alþjóðamótum sem haldinn eru hérlandis
- r. að vinna að fjáröflun til að standa undir kostnaði af rekstri sambandsins
- s. að skipa uppstillingarnefnd eigi síðar en 2 mánuðum fyrir ársþing HSÍ
- t. að standa fyrir formannafundum

Stjórn HSÍ lítur eftir því að lög HSÍ, reglugerðir HSÍ og leikreglur séu haldnar og getur hún vísað brotum aðila til aganefndar HSÍ til úrskurðar. Í sérstökum tilfellum þegar lög þessi eða reglugerðir HSÍ eru ekki fullnægjandi getur hún tekið til skoðunar sjálfstætt brot aðila og beitt þeim viðurlögum er getur í lögum þessum.

Stjórn HSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum HSÍ skulu fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda á hverjum tíma.

Stjórn HSÍ, fastanefndir HSÍ, dómstólar HSÍ og starfsmenn hafa frjálstan aðgang að öllum handknattleiksmótum og sýningum sem fram fara innan vébanda HSÍ.

Stjórn HSÍ hefur rétt til að sitja aðalfundi sérráða, HDSÍ og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu. Stjórn HSÍ skal setja á heimasíðu HSÍ endurrit allra fundargerða stjórnarinnar eða útdrátt úr þeim.

18. gr. Reglugerðir

Stjórn HSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.

Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar HSÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og á heimasíðu HSÍ.

Óski aðildarfélög eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar HSÍ.

VI. kafli Nefndir HSÍ

19. gr. Fastanefndir

Stjórn HSÍ skal að loknu handknattleiksþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

- a. aganefnd
- b. búninganefnd
- c. deildarnefnd
- d. dómaranefnd
- e. fræðslu- og útbreiðslunefnd
- f. heiðursmerkjanefnd
- g. laganefnd
- h. landsliðsnefnd karla
- i. landsliðsnefnd kvenna
- j. læknanefnd
- k. mótanefnd
- l. móttökunefnd

Fastanefndir starfa í umboði stjórnar HSÍ samkvæmt lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn HSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

Handknattleiksþing HSÍ getur skipað sérstakar tímabundnar nefndir sem starfa á milli handknattleiksþinga til að fjalla um málefni sem nánar eru ákvörðuð á þinginu.

Stjórn HSÍ getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

20. gr. Aganefnd

Aganefnd HSÍ skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara. Skal a.m.k. einn aðalmaður vera löglærður og skal varamaður hans einnig vera löglærður.

Nefndin úrskurðar um viðurlög samkvæmt lögum þessum, reglugerðum HSÍ og starfsreglum aganefndar gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum, áhorfendum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga HSÍ.

Aganefnd skal úrskurða um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna í leikjum á Íslandsmóti, í bikarkeppni, deildarbikarkeppni og meistarakeppni. Nefndin fjallar um brot leikmanna, þjálfara, forystumanna félaga, félaga og áhorfenda. Þá fjallar nefndin um önnur mál sem berast henni og/eða hún telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna leikja sem fara fram á Íslandi, enda fjalli ekki aðrir um þau.

Aganefnd skal tilkynna úrskurð sinn strax að loknum fundi, með rafrænum hætti eða öðrum sannanlegum hætti, til formanns handknattleiksdeildar viðkomandi félags eða þess aðila sem félagið hefur bent HSÍ á. Úrskurður aganefndar skal einnig birtur á heimasíðu HSÍ strax að loknum fundi.

Heimilt er að skjóta til dómsstóls HSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um það að leikmaður, þjálfari, starfsmaður liðs eða félag skuli sæta tímabundnu banni eða sektum að hærri fjárhæð en kr. 100.000. Í tilvikum sem þessum skal öllum aðilum máls kynnt úrskurður aganefndar.

Að öðru leyti en í 5.mgr. kveður á um eru úrskurðir aganefndar endanlegir.

Aganefnd hefur heimild til að beita viðurlögum vegna brota á lögum þessum, reglugerðum og leikreglum. Viðurlögin geta verið leikbönn, tímabundið bann, áminning, ávítur og sektir.

Stjórn HSÍ skal setja reglugerð um viðurlög við einstökum brotum á lögum þessum, reglugerðum og leikreglum í samræmi við 7.mgr.

21. gr. Búninganefnd

Búninganefnd HSÍ skal sjá um alla búninga HSÍ þ.e. keppnisbúnað, æfingabúnað og annan fatnað á vegum HSÍ svo og allar rekstrarvörur landsliða.

22. gr. Deildarnefnd

Deildarnefnd HSÍ skal vera stjórn HSÍ til ráðgjafar um öll þau mál sem tengjast deildarkeppnum meistaraflokka á vegum HSÍ svo sem markaðsmál, styrktaraðila og útbreiðslu.

23. gr. Dómaranefnd

Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum HSÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara og eftirlitsmanna á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu handknattleiksreglnanna á íslensku og sér um að dómarar framfylgi þeim. Dómaranefnd skal að jafnaði vera skipuð reynslumiklum fyrrverandi dómurum.

24. gr. Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál HSÍ og annast sér í lagi menntun handknattleikspjálfara og leiðtoga. Nefndin skal einnig vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskum handknattleik.

Nefndin vinnur að eflingu handknattleiks og útbreiðslu með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan vébanda handknattleikssambandsins.

25. gr. Heiðursmerkjanefnd

Heiðursmerkjanefnd kemur með tillögur til stjórnar HSÍ um veitingu heiðursmerkja á vegum HSÍ. Nefndin skal sjá um að halda skrá yfir viðurkenningar á vegum HSÍ og skal hún birt á heimasíðu sambandsins.

26. gr. Laganefnd

Laganefnd er stjórn HSÍ til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin skal fara yfir allar tillögur sem berast fyrir handknattleiksping og metur hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu.

Nefndin skal fara yfir allar tillögur stjórnar HSÍ að reglugerðum áður en þær eru afgreiddar frá stjórn HSÍ til að meta hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli lagaákvæði þessi.

27. gr. Landsliðsnefndir karla og kvenna

Landsliðsnefndir hafa umsjón með tilteknu landsliði eða landsliðum. Nefndirnar hafa umsjón með þátttöku viðkomandi liða í alþjóðakeppni, skipuleggja undirbúning þeirra og annast samskipti við starfsmenn liðanna.

28. gr. Læknanefnd

Læknanefnd skal skipuleggja og tryggja starfsemi lækna og sjúkrapjálfara með landsliðum HSÍ.

Læknanefnd skal sjá um skipulagningu og hafa umsjón með lækningum, sjúkraþjálfun og fylgist með lyfjaprófum á alþjóðlegum mótum og leikjum sem fram fara á Íslandi.

29. gr. Mótanefnd

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd þeirra.

30. gr. Móttökunefnd

Móttökunefnd skipuleggur, í samvinnu við skrifstofu HSÍ, allar heimsóknir erlendra liða á vegum HSÍ til Íslands.

VII. kafli Dómstólar HSÍ

31. gr. Dómstigin.

Dómstólar HSÍ eru dómstóll HSÍ og áfrýjunardómstóll HSÍ. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar. Dómstólar HSÍ skulu lúta ákvæðum laga þessara og skulu öll ágreiningsmál er varða handknattleik rekin fyrir dómstólum HSÍ. Lög Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um dómstólaskipan skulu þó vera þessum reglum til fyllingar eftir því sem við getur átt.

Dómstóll HSÍ er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan handknattleikshreyfingarinnar.

Áfrýjunardómstóll HSÍ er æðsti dómstóll innan handknattleikshreyfingarinnar.

Dómstólar HSÍ skulu hafa aðsetur á skrifstofu HSÍ. HSÍ ber að tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á dómstólaskipan innan sambandsins, en skrá sú sem haldin er á skrifstofu HSÍ telst alltaf lögfull sönnun á því hvar eigi að reka mál.

32. gr. Skipan dómstóls HSÍ

Dómarar dómstóls HSÍ skulu vera 3 og 3 til vara, allir löglærðir.

Dómarar skulu kosnir á reglulegu handknattleiksþingi HSÍ til setu fram að næsta reglulega handknattleiksþingi HSÍ.

Á fyrsta dómarafundi eftir reglulegt handknattleiksþing HSÍ skulu dómarar koma saman og kjósa dómsformann og varaformann.

Einn dómari skal fara með mál og ákveður dómsformaður hver af hinum reglulegu dómurum skuli fara með málið.

Nú telur dómari þörf á meðdómurum og er honum þá heimilt, í samráði við formann dómsins, að kalla til tvo meðdómara í dóminn. Meðdómarar þurfa ekki að vera löglærðir.

33. gr. Kæruréttur/málskotsréttur.

Rétt til kæru/málsskots hefur hver sá einstaklingur og það félag sem misgert er við og hagsmuni hefur af niðurstöðu máls.

34. gr. Meðalganga og upplýsingagjöf.

Aðila sem hefur kærurétt samkvæmt 33. grein er heimilt að beina þeirri kröfu til dómsins að hann verði aðili málsins. Krafa þessi þarf að koma fram svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við aðalflutning málsins

35. gr. Kærufrestur.

Kærufrestur til dómstóls HSÍ er 24 tímar frá því að hið kærða atvik átti sér stað.

Frestur til að skjóta úrskurði aganefndar til dómstóls HSÍ er 24 tímar frá birtingu úrskurðarins.

Sé máli vísað frá dómi með úrskurði hefur kærandi 24 tíma frest frá birtingu úrskurðarins til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn.

36. gr. Form og efni kæru.

Kæra skal vera skrifleg og skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í kæru:

1. nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og tölvupóstfang kæranda
2. nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og tölvupóstfang
3. nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans, símanúmer, faxnúmer og tölvupóstfang
4. greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu
5. lýsing helstu málavaxta
6. tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga
7. lýsing á helstu röksemdum aðila málsins
8. lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á ásamt ljósriti af þeim gögnum
9. upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skýrslutöku

Kæra, ásamt fylgigögnum, skal send dóminum í tveimur eintökum. Heimilt er að senda kæru með faxi en þó skal frumrit ævinlega sent.

37. gr. Málsmeðferð.

Mál telst þingfest með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.

Formaður dómsins skal, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort kærufrestur samkvæmt 35. grein sé liðinn eða einhverjir formgallar samkvæmt 36. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Telji dómsformaður að uppfyllt séu skilyrði 36. greinar skal hann eins fljótt og hægt er, þó eigi síðar en innan tveggja virka daga frá þingfestingu, ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.

Sé dómsformaður forfallaður skal varaformaður annast þau verkefni sem til falla.

Dómari sem fær mál til meðferðar skal án tafar senda kærða/varnaraðila áskorun um að halda uppi vörnum í málinu ásamt afriti af kærunni. Áskorunina skal senda með rafrænum hætti eða á annan sannanlegan hátt. Almennt skal frestur til að skila greinargerð ekki vera lengri en 3 sólarhringar. Greinargerð varnaraðila skal uppfylla þau skilyrði er koma fram í 36. grein eftir því sem við getur átt.

Dómari getur óskað eftir skriflegum athugasemdum frá stjórn HSÍ og framkvæmdarstjóra þess eða öðrum þeim sem málið varðar.

Þegar dómari hefur mótttekið greinargerð varnaraðila skal hann boða til þinghalds og ákveða framhald málsins þ.m.t. hvort það skal flutt munnlega eða skriflega og hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir dómi. Ef mál er ekki munnlega flutt skal aðilum gefinn stuttur frestur til að skila skriflegum athugasemdum.

Dómari skal leitast við að hraða störfum sínum eins og kostur er og skal dómur að jafnaði kveðinn upp innan viku frá því að mál var dómtekið.

Birta skal aðilum dóm eða úrskurð með rafrænum hætti eða á annan sannanlegan hátt ef þeir eru ekki viðstaddir dómsuppsögu og skal þá jafnframt greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.

38. gr. Flýtimeðferð máls.

Telji formaður dómsins augljóst, við skoðun á kæru sem honum berst, að brotið hafi verið gegn lögum og reglum handknattleikshreyfingarinnar er honum heimilt að beina þeirri kröfu til gagnaðila að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær varnir séu. Komi í ljós að engar varnir verða hafðar uppi í málinu eða ef framkomnar varnir eru bersýnilega tilgangslaugar er honum heimilt að úrskurða eða dæma kæranda í hag.

39. gr. Tilnefning talsmanns fyrir dómi.

Telji dómurinn að hætta sé á að málsstaður annars málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu getur formaður dómsins upplýst framkvæmdastjóra HSÍ um slíkt. Framkvæmdastjóri HSÍ skal þá skipa aðila til að gæta hagsmuna viðkomandi í málinu.

40. gr. Skipan áfrýjunardómstóls HSÍ

Áfrýjunardómstóll HSÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 3 löglærðum til vara.

Dómarar skulu kosnir á reglulegu handknattleiksþingi HSÍ til setu fram að næsta reglulega handknattleiksþingi.

Dómstóllinn kýs sér forseta.

41. gr. Áfrýjun.

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls HSÍ dómum og úrskurðum dómstóls HSÍ.

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera 3 sólarhringar frá birtingu dóms hafi málsaðilar ekki verið viðstaddir uppkvaðningu dóms eða úrskurðar dómstóls HSÍ.

Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

42. gr. Ný gögn og málsmeðferðarreglur.

Ný gögn skulu ekki lögð fram fyrir áfrýjunardómstólinn. Vitna- og aðilaskýrslur skulu ekki fara fram.

Dómstólnum er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á.

Málsmeðferðarreglur laga þessara skulu gilda um áfrýjunardómstól HSÍ eftir því sem við á.

43. gr. Vanhæfi dómara.

Dómari er vanhæfur til að fara með mál ef:

- hann er aðili að málinu eða fyrirsvarsmaður aðila
- hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila leiðbeiningar um það umfram skyldu sem dómarar hafa

- c. hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið
- d. hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar
- e. hann tengist eða hefur tengst fyrirvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í d-lið
- f. hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið
- g. fyrir eru hendi önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa m.a. ef dómari eða náin skyldmenni eru félagsbundin aðila máls.

Stjórn HSÍ skal skipa dómara í dómstóla HSÍ til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum dómurum og varadómurum vegna vanhæfis þeirra.

44. gr. Lögsaga.

Undir dómstóla HSÍ heyra öll brot á lögum og reglum HSÍ.

45. gr. Dómsniðurstöður.

Dómstólar HSÍ geta í dómsorði, auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:

- 1. dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra
- 2. ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum. Dagsektir renni til HSÍ
- 3. ákveðið sektir á aðildarfélög
- 4. málskostnað ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus

Þær refsingar sem dómstólar HSÍ geta beitt eru:

- 1. áminning
- 2. vítur
- 3. svipting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan handknattleikshreyfingarinnar
- 4. óhlutgengisúrskurður sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan handknattleikshreyfingarinnar um stundarsakir eða ævilangt
- 5. aðrar refsingar er lög eða reglur HSÍ tiltaka

46. gr. Þingbækur/dómabækur.

Við dómstóla HSÍ skulu vera haldnar sérstakar þingbækur. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, hverjir mæta í máli og hvað er afráðið um rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu. Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt öðrum en málsaðilum.

Við dómstóla HSÍ skal haldin sérstök dómabók sem hefur að geyma uppkveðna dóma og úrskurði. Dómabók skal vera aðgengileg og afrit hennar birt á heimasíðu HSÍ.

47. gr. Lyfjaeftirlit.

Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með samkvæmt reglugerð ÍSÍ um lyfjaeftirlit.

48. gr. Niðurfelling refsingar.

Handknattleiksþing HSÍ er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan handknattleikshreyfingarinnar.

VIII. kafli FRAMKVÆMDASTJÓRI OG SKRIFSTOFA

49. gr. Framkvæmdastjóri HSÍ

Framkvæmdastjóri HSÍ er ráðinn af stjórn handknattleikssambandsins samkvæmt ráðningarsamningi.

Framkvæmdastjóri HSÍ stjórnar og ber ábyrgð á rekstri skrifstofu og starfsmannahaldi HSÍ.

Framkvæmdastjóri HSÍ getur vísað brotum aðila á lögum HSÍ, reglugerðum HSÍ og leikreglum til aganefndar HSÍ til úrskurðar.

50. gr. Skrifstofa HSÍ

Skrifstofa annast daglega umsýslu verkefna HSÍ undir stjórn og ábyrgð framkvæmdastjóra.

IX. kafli Mótafyrirkomulag

51. gr. Handknattleiksmót

A. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - i. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - ii. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - iii. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - iv. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - v. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - vi. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - vii. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - viii. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - ix. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - x. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - xi. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur 1. deild er deildarmeistari 1. deildar.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2.-5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.

Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

B. Úrslitakeppnir úrvalsdeilda

a) 8 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

b) 9-14 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

C. Umspil 1.deildar

a) 8 liða úrvalsdeild

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

b) 10-12 liða úrvalsdeild

Lið 2 í 1.deild mætir liði 5 í 1. Deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

D. Fjölgun í úrvalsdeild

Áður en fjölgun í úrvalsdeild tekur gildi fyrir 10 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 18 lið hafa verið skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 18 lið verði áfram það keppnistímabil. Fyrir 12 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 22 lið vera skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 22 lið verði áfram það keppnistímabil.

a) Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð:

1. Lið sem tapar úrslitum umspils 1. deildar
2. Liðið í 7. sæti úrvalsdeildar,
3. Efsta lið 1. deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

b) Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð:

1. Lið sem tapar úrslitum umspils,
2. Liðið í 9. sæti úrvalsdeildar,
3. Efsta lið 1. deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

c) Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð.

1. Lið sem tapar úrslitum umspils
2. Liðið í 8. sæti úrvalsdeildar
3. Liðin sem töpuðu undanúrslitum umspils.

E. Fækkun í úrvalsdeild

Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í 1. deild er færri en 6 lið skal leika í einni deild þegar í stað.

Stjórn HSÍ skal setja nánari reglur um fækkunina ef sú staða kemur upp.

F. Almenn ákvæði

Við deildarskiptingu skal miða við þau lið sem hafa tilkynnt með fullnægjandi hætti þátttöku til skrifstofu HSÍ innan tilskilins frests skv. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

52. gr. Þátttökuleyfi

Til að öðlast rétt á þátttöku í úrvalsdeild og 1. deild Íslandsmótsins í meistaraflokki karla og kvenna skulu sækja um þátttökuleyfi árlega.

Til þess að fá þátttökuleyfi skulu félögin uppfylla tilteknar kröfur HSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál.

53. gr. Félagaskipti

Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.

Tímabundin félagaskipti er heimil á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.

Félagi er heimilt fyrir 1. mars ár hvert að stytta tímabundin félagaskipti leikmanna sinna einhliða, svo framarlega sem lágmarkstíma sé náð. Nýti samningsfélag sér þessa heimild skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 4 dögum eftir að tilkynningin er sannanlega móttækin af HSÍ.

Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera eitt keppnistímabil.

X. kafli REIKNINGAR

54. gr. Reikningsárið

Reikningsár HSÍ er frá 1. janúar til 31. desember. Milliuppgjör skal liggja fyrir 31. ágúst.

Reikningar HSÍ skulu undirritaðir af formanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra.

Skoðunarmenn HSÍ skulu vera sjálfstæðir og óháðir HSÍ.

Reikningar HSÍ skulu áritaðir af kjörnum skoðunarmönnum.

XI. kafli ÝMIS ÁKVÆÐI

55. gr. Réttindi

HSÍ og aðildarfélag innan HSÍ eru eigendur alls réttar sem tengist mótahaldi HSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af HSÍ. Þessi réttur nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, (t.d. í sjónvarpi, útvarpi, á internetinu og í síma), markaðsréttinda, kynninga og höfundarréttar.

Stjórn HSÍ skal setja nauðsynlegar reglur um nýtingu þessara réttinda.

56. gr. Heiðursformaður

Handknattleiksping má kjósa heiðursformann Handknattleikssambands Íslands ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið.

Heiðursformenn HSÍ hafa rétt til setu á fundum stjórnar sambandsins og á handknattleikspingum og hafa þar málfrelsi. Heiðursformenn HSÍ koma fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

57. gr. Önnur atvik

Stjórn HSÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi handknattleik innan vébanda ÍSÍ sem lög þessi eða reglugerðir HSÍ ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess.

Við brot á ákvæðum laga þessara hefur stjórn HSÍ heimild til að beita viðkomandi viðurlögum sem getið er um lögum þessum og reglugerðum sambandsins verði þeim ekki skotið til aganefndar eða dómstóls HSÍ.

58. gr. Sambandsslit

Tillögu um að leggja HSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu handknattleikspingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þessa þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja HSÍ niður.

Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa eigi eignum HSÍ. Þeim má aðeins verja til eflingar handknattleiksíþróttarinnar í landinu.

59. gr. Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi strax og falla þá eldri lög úr gildi. Lög þessi skulu staðfest af framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Rökstuðningur:

Laganefnd HSÍ hefur unnið að lagfæringu á orðalagi í lögum HSÍ og uppröðun ákvæða innan laganna.

Laganefnd leggur hér fram heildarlög HSÍ með þessum lagfæringum sem er án efnisbreytinga að því frátöldu að sett er inn ákvæði um deildarnefnd sem einróma var samþykkt á formanni fundi félaganna 30.03.

Tillaga frá laganefnd.

Skjalið hefur verið rækilega yfirfarið og „tekið til“ í því, orðalag lagað sem og uppsetning. Að meginstefnu til ekki eiginlegar efnisbreytingar. Deildarnefndin sem komið var inn á áðan er þó inni. Hin efnisbreytingin varðar stutta ábendingu frá ÍSí að á ársþingið vanti fulltrúa héraðssambanda og breytingar og það því settar inn.



59. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

23. apríl 2016

Þingskjal nr: 5

Tillaga um Lög HSI
Flutningsaðili: Laganefnd HSI

IX. kafli Mótafyrirkomulag

51. gr. Handknattleiksmót

G. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- d) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- e) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- f) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - xii. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - xiii. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - xiv. 16 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - xv. 17 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - xvi. 18 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - xvii. 19 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - xviii. 20 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir
 - xix. 21 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - xx. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - xxi. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - xxii. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.
 - xxiii. 25 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 13 í 1. deild 2 umferðir.
 - xxiv. 26 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 14 í 1. deild 2 umferðir.
- g) 27 lið eða fleiri, þrjár deildir, 12 liða úrvalsdeild 2 umferðir og 8 liða 1. deild 3 umferðir. Önnur lið spila í 3. deild og skal stjórn HSI setja henni nánari reglur.

Áður en fjölgun í úrvalsdeild tekur gildi fyrir 10 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 18 lið hafa verið skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 18 lið verði áfram það keppnistímabil. Fyrir 12 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 20 lið vera skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 20 lið verði áfram það keppnistímabil.

....

D. Fjölgun í úrvalsdeild

Áður en fjölgun í úrvalsdeild tekur gildi fyrir 10 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 18 lið hafa verið skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 18 lið verði áfram það keppnistímabil. Fyrir 12 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 20 lið vera skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 20 lið verði áfram það keppnistímabil.

...

Rökstuðningur

Á formannafundum hefur komið fram ríkur vilji félaganna að stefna að festa í sessi 12 liða úrvalsdeild og að tíðar breytingar á mótafyrirkomulagi séu slæmar fyrir handknattleikshreyfinguna.

Laganefnd leggur því hér til færri lið þurfi til þess að fara í 12 liða deild heldur en nú gildandi reglur segja til um og sama hátt þurfi sama færri lið til að fara 10 liða deild.

Tillaga frá laganefnd.

Varðar breytingar á viðmiðunum við fjölgun og fækkun liða.



59. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

23. apríl 2016

Þingskjal nr: 6

Tillaga um Lög HSÍ

Flutningsaðili: Fjölnir

51. gr. Handknattleiksmót

H. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- h) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- i) 11-14 lið, ein deild, 2 umferðir
- j) 15-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - xxv. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - xxvi. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - xxvii. 17 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - xxviii. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - xxix. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - xxx. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir
 - xxxi. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - xxxii. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - xxxiii. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - xxxiv. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Rökstuðningur

14 liða deild spilar færri leiki en 10 liða deild, en er jafnframt með einungis tvöfalda umferð sem gerir keppni auðskiljanlegri en þrefaldar til fjórfaldar umferðir.

6 liða neðri deild með fjórfaldri umferð er óaðlaðandi fyrirkomulag sem þar sem einungis 1 lið kemst ekki beint, eða í umspil um sæti, í efstu deild.

Einnig er 8 liða efsta deild með leiðinlegum fjölda liða, og óeðlilegri umspilskeppni þar sem efrideildarlið tekur þátt í umspili neðrideildarliða. Með því að fækka möguleikum á 8 liða efstu deild í tvo fækkar þeim tilfellum sem þarf að búa við slíkt keppnisfyrirkomulag.

Tillaga frá Fjölni.

Varðar breytingar á skiptingu deilda, ef eru 14 lið verði spilað í einni deild, ekki tveimur. Á við um deildir bæði karla og kvenna.



59. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

23. apríl 2016

Þingskjal nr: 7

Tillaga um Lög HSÍ

Flutningsaðili: Haukar

A. Almenn ákvæði

Við deildarskiptingu skal miða við þau lið sem hafa tilkynnt með fullnægjandi hætti þátttöku til skrifstofu HSÍ innan tilskilins frests skv. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót.

Félögum er heimilt að senda til keppni í meistaraflokki ungmennalið svo framarlega sem þau leika ekki í sömu deild. Ungmennalið hjá félagi getur aldrei unnið sér inn keppnisrétt í Úrvalsdeild.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Rökstuðningur

Haukar leggja fram þessa tillögu í þeim tilgangi að vera með ungmennalið. Haukar hafa hugmyndir um ýmsar reglur um þetta sem eiga heima í reglugerð en telja að þetta eigi að vera mjög einfalt í framkvæmd og mun gera liðum auðveldara að senda inn tvö m.fl. heldur en að vera með 2.fl. Þetta mun vonandi líka stýra álagi á okkar efnilegu leikmönnum.

Tillaga frá Haukum.

Varðar möguleika á að senda inn ungmennalið. Lagaákvæði sem tryggir svigrúm til að útfæra reglur um heimildir varðandi ungmennalið.



59. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

23. apríl 2016

Þingskjal nr: 8

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

53. gr. Félagaskipti

Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert. Tímabundin félagaskipti er heimil á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.

Félagi er heimilt fyrir 1. mars ár hvert að stytta tímabundin félagaskipti leikmanna sinna einhliða, svo framarlega sem lágmarkstíma sé náð. Nýti samningsfélag sér þessa heimild skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 4 dögum eftir að tilkynningin er sannanlega móttækin af HSÍ.

Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera eitt keppnistímabil.

Félög, sem gera með sér sérstakt samkomulag um samnýtingu leikmanna, venslasamning, hafa heimild til að hafa félagaskipti sín á milli á tímabilinu 1. júní til 1. mars ár hvert. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta venslafélaga er 15 dagar og fær leikmaður keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 2 dögum eftir tilkynning er sannanlega móttækin af HSÍ, nýti félag heimild til að stytta tímabundin félagaskipti leikmanns síns.

Rökstuðningur

Í vetur hefur laganefnd unnið að regluverki fyrir venslafélög í samræmi við vilja félaganna sem kom fram á síðasta ársþingi.

Drög af þessum reglum voru kynnt félögunum á formannafundi í mars og reyndist víðtæk sátt um það fyrirkomulag.

Tillögur þessar byggjast á þessari vinnu og er fyrirhugað að setja þessu fyrirkomulagi nánari reglur í reglugerð um félagaskipti byggðar á þessari lagaheimild.

Tillaga frá laganefnd

Um breytingar á reglum og svigrúmi til félagaskipta og venslasamninga.

Öllum lagabreytingartillögum er vísað til sameinaðrar laga- og allsherjarnefndar.

14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar

Utan formlegs efnis fundar fékk orðið Magnús Ingi Stefánsson, liðsstjóri Fram, til að kynna appið áður nefnt, sem hann hefur unnið í samvinnu við félag sinn.

Magnús Ingi byrjaði á að miðla hvatanum að því að hanna þetta nýja app. Sem liðsstjóri er hann vanur að halda utan um ýmsar skráningar og það hefur alltaf verið skrifað á pappír, sem fer í ruslið fljótt eftir leikslok. Út frá því fór hann að spá, hvers vegna það er alltaf skráð á einhvern dauðlegan pappír. Þar sem hann hefur alla ævi unnið í upplýsingatæknigeiranum og sömuleiðis verið í handbolta í 40 ár leiddu hugrenningarnar hann áfram:

Hvað þarf til að reka gott fyrirtæki?

Það þarf upplýsingar.

Og það er tiltölulega auðvelt að halda upplýsingunum við. Í dag eru til að mynda handhægar rúmlega 11 þúsund færslur yfir alla leiki frá Fram, frá 2013. Hægt er að greina hvern einasta leikmann, hvernig hann hefur staðið sig í hverjum einasta leik, nú eru til upptökur af öllum mótum sem hann hefur tekið þátt í, upplýsingar til fjölda leikja og hvaðeina.

Þessu hefur verið við haldið með aðstoð Sigfúsar Páls, félagi Magnúsar, sem kláraði lokaverkefnið sitt frá Laugarvatni, um tölfræði í handknattleik. Þeir tóku sig saman og skoðuðu betur og komust að því með prófunum og tilraunum að þeir eru ekki bara að slá inn gögn heldur er um að ræða raunverulega aðferðafræði.

Þannig hefur appið mótast og mælst vel fyrir. Í undanfaranum ræddu þeir við marga þjálfara á Íslandi og fengu síðan til liðs við sig tvo öfluga forritara til að útfæra mótaðar hugmyndir sínar. Með appinu eru gögn greind, sem vissulega hefur verið gert áður, en núna er það bara öðruvísi, aðgengilegra og skjótvirkara: Gögn eru greind í rauntíma og mun meira í prósentum en fjölda. Þannig verður til saga og heildstætt yfirlit yfir stöðu mála hjá hverju liði og má hæglega líkja saman við rekstur fyrirtækis, enda byggir það á því að vita hvað hefur gerst og hvað þurfi að bæta. Ákvarðanir hafa iðulega byggst mikið á tilfinningum og innsæi, en núna er verið að bæta inn beinhörðum tölum með og skýrari hætti en áður og auðvelda til muna allan samanburð, yfirsýn yfir þróun, sögu og ferli.

Lykiltölur nást fram, rétt eins og í fyrirtækjum. Upplýsingar til um hvern einasta leikmann og tölfræðileg stig gefin, eftir því hvers er spurt um frammistöðu hans. Allar upplýsingar verða handhægar, um til að mynda frammistöðu gagnvart mótherja og tölurnar eru breytilegar í rauntíma. Skýrslur verða sendar eftir hvern leik, aðgengilegar leikmönnum og tilbúnar um leið og leik er lokið. Skýrslu má einnig senda til fjölmiðla í formi tölvupósts, til þjálfarateymis, eða hvaðannað sem tilheyrir.

Magnús Ingi sýndi ýmis afbrigði og framsetningar, kortlagningar, dálkar, dæmi um myndrænar sem tölfræðilegar niðurstöður sýndar. Ljóst var að hann var innblásinn af áhuga og spenningi yfir þróun þessa apps, sem senn verður tilbúið.

-- Tekið er þinghlé meðan þingnefndir starfa --

Áður en þing hófst að nýju eftir hlé steig Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir í pontu fyrir hönd kjörbréfanefndar og greindi frá fjölgun þingfulltrúa; atkvæða og kjörbréfa. Fulltrúum hafði fjölgað um fimm, sex komu inn móti einum sem hvarf af vettvangi fyrir hlé.

Frá félögum eru því 46 og tveir frá héraðssamböndunum, alls 48 atkvæði í salnum.

15. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Hjalti Þór Hreinsson fulltrúi fjárhagsnefndar gerði grein fyrir álit nefndar. Ljóst að næsta stóra verkefnið sé að styrkja sambandið við styrktaraðila. Það er helsti punkturinn í fjárhagsáætluninni. Þetta er næsta stóra verkefnið, annars er fjárhagsáætlun samþykkt.

Gengið til atkvæða um fjárhagsáætlunina.

Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

Þá gerði Davíð B. Gíslason grein fyrir álit allsherjar- og laganefndar.

Þingskjal 4

Einu breytingarnar eru að hvert héraðssamband eigi sinn fulltrúa á þingi. Og lagfæring á orðalagsvillu, deildanefnd en ekki deildarnefnd.

Skjal með breytingartillögunni lagt fram til samþykktar.

Breytingartillaga er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal 4 með áorðnum breytingum er því samþykkt samhljóða.



59. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

23. apríl 2016

Þingskjal nr: 4.1

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

Lög Handknattleikssambands Íslands

I. kafli Almenn ákvæði og hlutverk

1. gr. Heiti og aðsetur

Handknattleikssamband Íslands, (HSÍ), er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í handknattleik innan ÍSí.

Aðsetur HSÍ og varnarþing skal vera í Reykjavík.

Merki HSÍ sýnir knött með HSÍ skammstöfunina. Bókstafir eru í íslensku fánalitunum og knöttur er brúnn.

Fáni HSÍ er hvítur með merki HSÍ í miðju og orðin „Handknattleikssamband Íslands“ efst í fána.

2. gr. Hlutverk og tilgangur HSÍ

HSÍ er æðsti aðili handknattleiks á Íslandi og er hlutverk þess í megin atriðum:

- k. að hafa yfirumsjón allra íslenskra handknattleiksmála
- l. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- m. að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga
- n. að setja íslenskum handknattleik nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- o. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómarastarfa og veita þeim réttindi
- p. að standa fyrir og úthluta handknattleiksmótum
- q. að standa vörð um uppeldislegt gildi handknattleiks á Íslandi
- r. að tepla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni
- s. að koma fram erlendis fyrir hönd handknattleiks á Íslandi
- t. að vinna að öðrum þeim málum er varða handknattleik á Íslandi

HSÍ starfar sjálfstætt og er hlutlaust er varðar stjórnmal og trúarbrögð. HSÍ skal gæta jafnréttis og jafnræðis.

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og nefnda á vegum HSÍ. Aðilar skulu njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

3. gr. Aðild að samtökum

HSÍ er aðili að:

- d. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, (ÍSí)
- e. Alþjóðahandknattleikssambandinu, (IHF)
- f. Handknattleikssambandi Evrópu, (EHF)

HSÍ skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSí og sjá um að reglur varðandi handknattleik séu í samræmi við alþjóðareglur. Reglur og ákvarðanir HSÍ eru bindandi fyrir aðila að HSÍ; félög, leikmenn, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá sem eru innan vébanda aðildarfélaga HSÍ.

II. kafli Aðild að HSÍ

4. gr. Réttur að aðild

Öll félög innan ÍSÍ er æfa, iðka og keppa í handknattleik eru aðilar að HSÍ.

5. gr. Réttindi og skyldur aðildarféлага

Öll aðildarfélög HSÍ hafa rétt til að taka þátt í mótum sem eru skipulögð á vegum HSÍ.

Allur handknattleikur skal fara fram samkvæmt lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og ÍSÍ og alþjóðlegum, (IHF), leikreglum sem samþykktar hafa verið af HSÍ og ber aðildarfélögum skylda til þess að virða þær reglur.

Félag sem tekur þátt í móti á vegum HSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, þjálfarar, dómarar og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir HSÍ, IHF og EHF.

Félag sem tekur þátt í mótum á vegum HSÍ er skylt að virða ákvarðanir stjórnar HSÍ, nefnda HSÍ og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

Héraðssamböndin og íþróttabandalögin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar HSÍ. Héraðssambönd, íþróttabandalög og aðildarfélög skulu senda stjórn HSÍ skýrslu um öll handknattleiksmót sem þau halda og ársskýrslur sínar sé þess óskað.

Aðildarfélög HSÍ skuldbinda sig til að vinna að því að koma í veg fyrir lyfjamisnotkun.

Aðildarfélög HSÍ skulu halda bókhald yfir starfsemi sína í samræmi við gildandi lög og reglur um bókhald.

Aðildarfélög HSÍ skuldbinda sig til þess að vera ekki aðilar að öðru handknattleikssambandi eða taka þátt í mótum á vegum annars handknattleikssambands nema með sérstöku samþykki HSÍ, , IHF eða EHF.

Aðildarfélag er brýtur gegn ofangreindum skyldum skal hlíta viðurlögum þeim sem nánar eru ákvörðuð í lögum þessum, lögum um dómstóla HSÍ og reglugerðum HSÍ.

Leikmenn aðildarféлага skulu vera skráðir í samræmi við reglugerð HSÍ.

6. gr. Aðrar skyldur.

Aðildarfélög, HSÍ, leikmenn og aðrir innan HSÍ skuldbinda sig til að leika handknattleik í samræmi við ákvæði þessara laga og reglugerða HSÍ og í samræmi við lög og reglur IHF og EHF.

Ef ákvæði reglugerða og leikreglna HSÍ stangast á við eða ganga lengra heldur en reglur IHF eða EHF, þá gilda reglugerðir og leikreglur HSÍ.

III. kafli Skipulag HSÍ

7. gr. Stjórnkerfi HSÍ

Málefnum HSÍ stjórna:

- f. handknattleiksping sem fer með æðsta vald í málefnum HSÍ og setur lög sambandsins.
- g. stjórn HSÍ sem fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga.
- h. fastanefndir HSÍ sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum HSÍ og starfsreglum sem stjórn HSÍ setur þeim.
- i. sérstakar nefndir sem skipaðar eru af handknattleikspingi eða stjórn HSÍ og starfa að afmörkuðum málefnum.

- j. framkvæmdastjóri HSÍ sem ber ábyrgð á daglegum rekstri sambandsins og skrifstofu HSÍ sem sér um daglega umsýslu verkefna.

Dómstig HSÍ eru tvö, dómstóll HSÍ og áfrýjunardómstóll HSÍ, og skulu starfa samkvæmt lögum þessum.

IV. kafli Handknattleiksping

8. gr. Boðun

Handknattleiksping skal haldið árlega eigi síðar en 1. maí. Stjórn HSÍ ákveður þingstað og skal boða það með rafrænum hætti með eins mánaðar fyrirvara. Handknattleikspingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

9. gr. Réttur til þingsetu

Handknattleiksping sitja fulltrúar frá aðildarfélögum og sambandsaðilum HSÍ.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við fjölda iðkenda og meistaraflokksliða á vegum HSÍ þannig að:

6. fyrir færri en 100 iðkendur er einn fulltrúi
7. fyrir 100 til 200 iðkendur eru tveir fulltrúar
8. fyrir 200 til 300 iðkendur eru þrír fulltrúar
9. fyrir 300 iðkendur eða fleiri eru fjórir fulltrúar
10. fyrir að hafa lið í meistaraflokki sem tekur þátt í úrvalsdeild eða 1.deild fæst einn fulltrúi

Hvert héraðssamband á einn fulltrúa.

Hvert félag getur þó aldrei fengið fleiri en 4 fulltrúa.

Á handknattleikspingi hafa aðeins þingfulltrúar atkvæðisrétt þó eingöngu fulltrúar aðildarfélaga og sambandsaðila sem eru skuldlausir við HSÍ.

Hver þingfulltrúi fer með eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf, sem gefin eru út af aðildarfélögum eða sambandsaðilum á þar til gerðu eyðublaði sem HSÍ sér þeim fyrir. Skulu þau staðfest af kjörbréfanefnd. Ekki er unnt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis.

Á handknattleikspingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- k. stjórn HSÍ
- l. skoðunarmenn reikninga HSÍ
- m. framkvæmdastjórn ÍSÍ
- n. framkvæmdastjórar HSÍ og ÍSÍ
- o. heiðursformenn HSÍ
- p. allir nefndarmenn fastanefnda HSÍ
- q. dómarar dómstóls og áfrýjunardómstóls HSÍ
- r. fulltrúi menntamálaráðuneytisins
- s. stjórn HDSÍ
- t. auk þess getur stjórn HSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til

10. gr. Málefni

Málefni sem aðildarfélög eða sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn HSÍ minnst 21 degi fyrir þingið og skal stjórnin senda öllum aðildarfélögum og sambandsaðilum þau málefni eigi síðar en 7 dögum fyrir þingsetningu ásamt dagskrá þingsins.

Eigi síðar en viku fyrir boðað handknattleiksping skal stjórn HSÍ kynna aðildarfélögum og sambandsaðilum reikninga sambandsins ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

11. gr. Dagskrá

Störf handknattleikspings eru:

24. þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi
25. kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd
26. kosning þingforseta og varaþingforseta
27. kosning þingritara og varaþingritara
28. þinggerð síðasta árs lögð fram
29. ávörp gesta
30. álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt
31. kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins
32. lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar
33. gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ
34. umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis
35. stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsár
36. tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu
37. teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar
38. álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær
39. ákveða þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils
40. önnur mál
41. kosning stjórnar
42. kosning 2 skoðunarmanna og 2 til vara
43. kosning í dómstóls HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir
44. kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir
45. kosning fulltrúa á íþróttapíngi ÍSÍ
46. þingslit

Stjórn HSÍ skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ, aðildarfélagum og sambandsaðilum HSÍ fundargerð ársþings og gildandi lög og reglugerðir sambandsins í síðasta lagi 1. ágúst ár hvert.

12. gr. Atkvæðagreiðsla

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send aðildarfélagum og sambandsaðilum. Þó skal óheimilt að afgreiða tillögur um breytingar á lögum þessum sem lagðar eru fram eftir að handknattleikspíng er hafið, nema slíkt sé nauðsynlegt vegna annarra tillagna sem samþykktar hafa verið á þinginu eða fluttar sem breytingartillögur við aðrar tillögur sem liggja fyrir þinginu.

Þingfulltrúar á handknattleikspíngi greiða atkvæði um mál með handauppréttingu. Ef ¼ þingfulltrúa óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu skal þingforseti verða við ósk þeirra.

Ákvarðanir sem teknar eru á handknattleikspíngi skulu taka gildi strax nema annað sé ákveðið á þinginu.

13. gr. Aukapíng

Aukapíng má halda ef nauðsyn krefur að mati stjórnar HSÍ eða helmingur aðildarfélaga og sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningafresti til aukapíngs má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapíngi eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Kjósa má nýjan fulltrúa í stað þess sem er forfallaður. Á aukapíngi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn fimm manna, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt

störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda reglur um reglulegt handknattleiksþing.

V. kafli Stjórn HSÍ

14. gr. Skipulag stjórnar HSÍ

Stjórn HSÍ skipa:

- j. formaður
- k. varaformaður
- l. ritari
- m. gjaldkeri
- n. formaður dómaranefndar
- o. formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar
- p. formaður landsliðsnefndar karla
- q. formaður landsliðsnefndar kvenna
- r. formaður mótanefndar

Varamenn í stjórn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í stjórnina í sömu röð og þeir eru kosnir.

15. gr. Kosning stjórnar HSÍ

Stjórn HSÍ er kosin á handknattleiksþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnina skipa 9 menn.

Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann til eins árs, næst skal kjósa 4 stjórnarmenn til tveggja ára. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.

Næst skal kjósa 3 menn sem varamenn til eins árs. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.

Tilkynning um framboð til embættis formanns og stjórnar HSÍ skal berast skrifstofu HSÍ minnst 21 degi fyrir þing. Uppstillingarnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar.

Til þess að ná kjöri sem formaður HSÍ þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða.

Allar kosningar til formanns og stjórnar skulu vera skriflegar. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á. Við kosningu á milli annarra en formanns á handknattleiksþingi gildir sú regla að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir að. Fá fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

16. gr. Verkaskipting stjórnar HSÍ

Formaður skal boða til stjórnarfunda og stjórna þeim.

Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundi skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Stjórn HSÍ skal skipta með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum. Á fyrsta stjórnarfundi skal stjórnin skipta með sér verkum þannig að einn stjórnarmaður er varaformaður, annar er gjaldkeri, þriðji er ritari, fjórði er formaður dómaranefndar, fimmti er formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar, sjötti er formaður landsliðsnefndar karla, sjöundi er formaður landsliðsnefndar kvenna og sá áttundi formaður mótanefndar.

Stjórn HSÍ setur framkvæmdastjóra starfslýsingu.

Framkvæmdastjóri HSÍ fer með prókúru en allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu HSÍ skulu samþykktar af meirihluta stjórnar.

17. gr. Starfssvið stjórnar HSÍ

Starfssvið stjórnar HSÍ er:

- u. að sjá til þess að ákvörðunum og ályktunum handknattleikspings sé framfylgt og að lög og reglugerðir HSÍ séu haldnar
- v. að setja nauðsynlegar reglur og reglugerðir um handknattleik á Íslandi í samræmi við lög þessi
- w. að bera ábyrgð á fjármálum HSÍ
- x. að ráða framkvæmdastjóra til starfa samkvæmt starfslýsingu
- y. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- z. að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um handknattleiksmál, sem lög þessi og/eða reglugerðir HSÍ ná ekki yfir
- aa. að annast útgáfu á lögum þessum og reglugerðum fyrir handknattleik, sem jafnan séu í samræmi við alþjóðareglur
- bb. að ráða landsliðsþjálfara til starfa
- cc. að semja um og taka ákvörðun um þátttöku íslenskra landsliða í keppnum erlendis og koma fram erlendis fyrir hönd íslensks handknattleiks
- dd. að staðfesta ákvarðanir heiðursmerkjanefndar um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga
- ee. að tilnefna menn til starfa á vegum alþjóðasamtaka m.a. eftir tilnefningu fastanefnda
- ff. að skipa menn í nefndir HSÍ
- gg. að velja handknattleiksmenn ársins
- hh. að skipuleggja daglegan rekstur sambandsins
- ii. að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur
- jj. að hafa yfirstjórn með landsmótum
- kk. að ráða niður og ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót sem haldin eru á Íslandi og hafa samráð við framkvæmdastjórn ÍSÍ um ákvörðun á landsmótum og alþjóðamótum sem haldinn eru hérlandis
- ll. að vinna að fjáröflun til að standa undir kostnaði af rekstri sambandsins
- mm. að skipa uppstillingarnefnd eigi síðar en 2 mánuðum fyrir ársþing HSÍ
- nn. að standa fyrir formannafundum

Stjórn HSÍ lítur eftir því að lög HSÍ, reglugerðir HSÍ og leikreglur séu haldnar og getur hún vísað brotum aðila til aganefndar HSÍ til úrskurðar. Í sérstökum tilfellum þegar lög þessi eða reglugerðir HSÍ eru ekki fullnægjandi getur hún tekið til skoðunar sjálfstætt brot aðila og beitt þeim viðurlögum er getur í lögum þessum.

Stjórn HSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum HSÍ skulu fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda á hverjum tíma.

Stjórn HSÍ, fastanefndir HSÍ, dómstólar HSÍ og starfsmenn hafa frjálsan aðgang að öllum handknattleiksmótum og sýningum sem fram fara innan vébanda HSÍ.

Stjórn HSÍ hefur rétt til að sitja aðalfundi sérráða, HDSÍ og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu. Stjórn HSÍ skal setja á heimasíðu HSÍ endurrit allra fundargerða stjórnarinnar eða útdrátt úr þeim.

18. gr. Reglugerðir

Stjórn HSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.

Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar HSÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og á heimasíðu HSÍ. Óski aðildarfélög eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar HSÍ.

VI. kafli Nefndir HSÍ

19. gr. Fastanefndir

Stjórn HSÍ skal að loknu handknattleikspingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

- m. aganefnd
- n. búninganefnd
- o. deildarnefnd
- p. dómaranefnd
- q. fræðslu- og útbreiðslunefnd
- r. heiðursmerkjanefnd
- s. laganefnd
- t. landsliðsnefnd karla
- u. landsliðsnefnd kvenna
- v. læknanefnd
- w. mótanefnd
- x. móttökunefnd

Fastanefndir starfa í umboði stjórnar HSÍ samkvæmt lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn HSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

Handknattleiksping HSÍ getur skipað sérstakar tímabundnar nefndir sem starfa á milli handknattleikspinga til að fjalla um málefni sem nánar eru ákvörðuð á þinginu.

Stjórn HSÍ getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

20. gr. Aganefnd

Aganefnd HSÍ skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara. Skal a.m.k. einn aðalmaður vera löglærður og skal varamaður hans einnig vera löglærður.

Nefndin úrskurðar um viðurlög samkvæmt lögum þessum, reglugerðum HSÍ og starfsreglum aganefndar gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum, áhorfendum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga HSÍ.

Aganefnd skal úrskurða um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna í leikjum á Íslandsmóti, í bikarkeppni, deildarbikarkeppni og meistarakeppni. Nefndin fjallar um brot leikmanna, þjálfara, forystumanna félaga, félaga og áhorfenda. Þá fjallar nefndin um önnur mál sem berast henni og/eða hún telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna leikja sem fara fram á Íslandi, enda fjalli ekki aðrir um þau.

Aganefnd skal tilkynna úrskurð sinn strax að loknum fundi, með rafrænum hætti eða öðrum sannanlegum hætti, til formanns handknattleiksdeildar viðkomandi félags eða þess aðila sem félagið hefur bent HSÍ á. Úrskurður aganefndar skal einnig birtur á heimasíðu HSÍ strax að loknum fundi.

Heimilt er að skjóta til dómsstóls HSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um það að leikmaður, þjálfari, starfsmaður liðs eða félag skuli sæta tímabundnu banni eða sektum að hærri fjárhæð en kr. 100.000. Í tilvikum sem þessum skal öllum aðilum máls kynnt úrskurður aganefndar.

Að öðru leyti en í 5.mgr. kveður á um eru úrskurðir aganefndar endanlegir.

Aganefnd hefur heimild til að beita viðurlögum vegna brota á lögum þessum, reglugerðum og leikreglum. Viðurlögin geta verið leikbönn, tímabundið bann, áminning, ávítur og sektir.

Stjórn HSÍ skal setja reglugerð um viðurlög við einstökum brotum á lögum þessum, reglugerðum og leikreglum í samræmi við 7.mgr.

21. gr. Búninganefnd

Búninganefnd HSÍ skal sjá um alla búninga HSÍ þ.e. keppnisbúnað, æfingabúnað og annan fatnað á vegum HSÍ svo og allar rekstrarvörur landsliða.

22. gr. Deildanefnd

Deildanefnd HSÍ skal vera stjórn HSÍ til ráðgjafar um öll þau mál sem tengjast deildarkeppnum meistaraflokka á vegum HSÍ svo sem markaðsmál, styrktaraðila og útbreiðslu. 23. gr. Dómaranefnd

Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum HSÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara og eftirlitsmanna á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu handknattleiksreglnanna á íslensku og sér um að dómarar framfylgi þeim. Dómaranefnd skal að jafnaði vera skipuð reynslumiklum fyrrverandi dómurum.

24. gr. Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál HSÍ og annast sér í lagi menntun handknattleiksþjálfara og leiðtoga. Nefndin skal einnig vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskum handknattleik.

Nefndin vinnur að eflingu handknattleiks og útbreiðslu með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan vébanda handknattleikssambandsins.

25. gr. Heiðursmerkjanefnd

Heiðursmerkjanefnd kemur með tillögur til stjórnar HSÍ um veitingu heiðursmerkja á vegum HSÍ. Nefndin skal sjá um að halda skrá yfir viðurkenningar á vegum HSÍ og skal hún birt á heimasíðu sambandsins.

26. gr. Laganefnd

Laganefnd er stjórn HSÍ til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin skal fara yfir allar tillögur sem berast fyrir handknattleiksþing og metur hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu.

Nefndin skal fara yfir allar tillögur stjórnar HSÍ að reglugerðum áður en þær eru afgreiddar frá stjórn HSÍ til að meta hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli lagaákvæði þessi.

27. gr. Landsliðsnefndir karla og kvenna

Landsliðsnefndir hafa umsjón með tilteknu landsliði eða landsliðum. Nefndirnar hafa umsjón með þátttöku viðkomandi liða í alþjóðakeppni, skipuleggja undirbúning þeirra og annast samskipti við starfsmenn liðanna.

28. gr. Læknanefnd

Læknanefnd skal skipuleggja og tryggja starfsemi lækna og sjúkráþjálfara með landsliðum HSÍ.

Læknanefnd skal sjá um skipulagningu og hafa umsjón með lækningum, sjúkráþjálfun og fylgist með lyfjaprófum á alþjóðlegum mótum og leikjum sem fram fara á Íslandi.

29. gr. Mótanefnd

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd þeirra.

30. gr. Móttökunefnd

Móttökunefnd skipuleggur, í samvinnu við skrifstofu HSÍ, allar heimsóknir erlendra liða á vegum HSÍ til Íslands.

VII. kafli Dómstólar HSÍ

31. gr. Dómstigin.

Dómstólar HSÍ eru dómstóll HSÍ og áfrýjunardómstóll HSÍ. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar. Dómstólar HSÍ skulu lúta ákvæðum laga þessara og skulu öll ágreiningsmál er varða handknattleik rekin fyrir dómstólum HSÍ. Lög Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um dómstólaskipan skulu þó vera þessum reglum til fyllingar eftir því sem við getur átt.

Dómstóll HSÍ er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan handknattleikshreyfingarinnar.

Áfrýjunardómstóll HSÍ er æðsti dómstóll innan handknattleikshreyfingarinnar.

Dómstólar HSÍ skulu hafa aðsetur á skrifstofu HSÍ. HSÍ ber að tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á dómstólaskipan innan sambandsins, en skrá sú sem haldin er á skrifstofu HSÍ telst alltaf lögfull sönnun á því hvar eigi að reka mál.

32. gr. Skipan dómstóls HSÍ

Dómarar dómstóls HSÍ skulu vera 3 og 3 til vara, allir löglærðir.

Dómarar skulu kosnir á reglulegu handknattleiksþingi HSÍ til setu fram að næsta reglulega handknattleiksþingi HSÍ.

Á fyrsta dómarafundi eftir reglulegt handknattleiksþing HSÍ skulu dómarar koma saman og kjósa dómsformann og varaformann.

Einn dómari skal fara með mál og ákveður dómsformaður hver af hinum reglulegu dómurum skuli fara með málið.

Nú telur dómari þörf á meðdómurum og er honum þá heimilt, í samráði við formann dómsins, að kalla til tvo meðdómara í dóminn. Meðdómarar þurfa ekki að vera löglærðir.

33. gr. Kæruréttur/málskotsréttur.

Rétt til kæru/málsskots hefur hver sá einstaklingur og það félag sem misgert er við og hagsmuni hefur af niðurstöðu máls.

34. gr. Meðalganga og upplýsingagjöf.

Aðila sem hefur kærurétt samkvæmt 33. grein er heimilt að beina þeirri kröfu til dómsins að hann verði aðili málsins. Krafa þessi þarf að koma fram svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við aðalflutning málsins

35. gr. Kærufrestur.

Kærufrestur til dómstóls HSÍ er 24 tímar frá því að hið kærða atvik átti sér stað.

Frestur til að skjóta úrskurði aganefndar til dómstóls HSÍ er 24 tímar frá birtingu úrskurðarins.

Sé máli vísað frá dómi með úrskurði hefur kærandi 24 tíma frest frá birtingu úrskurðarins til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn.

36. gr. Form og efni kæru.

Kæra skal vera skrifleg og skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í kæru:

1. nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og tölvupóstfang kæranda
2. nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og tölvupóstfang
3. nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans, símanúmer, faxnúmer og tölvupóstfang
4. greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu
5. lýsing helstu málavaxta
6. tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga
7. lýsing á helstu röksemdum aðila málsins
8. lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á ásamt ljósriti af þeim gögnum
9. upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skýrslutöku

Kæra, ásamt fylgigögnum, skal send dóminum í tveimur eintökum. Heimilt er að senda kæru með faxi en þó skal frumrit ævinlega sent.

37. gr. Málsmeðferð.

Mál telst þingfest með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.

Formaður dómsins skal, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort kærufrestur samkvæmt 35. grein sé liðinn eða einhverjir formgallar samkvæmt 36. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Telji dómsformaður að uppfyllt séu skilyrði 36. greinar skal hann eins fljótt og hægt er, þó eigi síðar en innan tveggja virka daga frá þingfestingu, ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.

Sé dómsformaður forfallaður skal varaformaður annast þau verkefni sem til falla.

Dómari sem fær mál til meðferðar skal án tafar senda kærða/varnaraðila áskorun um að halda uppi vörnum í málinu ásamt afriti af kærinni. Áskorunina skal senda með rafrænum hætti eða á annan sannanlegan hátt. Almennt skal frestur til að skila greinargerð ekki vera lengri en 3 sólarhringar. Greinargerð varnaraðila skal uppfylla þau skilyrði er koma fram í 36. grein eftir því sem við getur átt.

Dómari getur óskað eftir skriflegum athugasemdum frá stjórn HSÍ og framkvæmdarstjóra þess eða öðrum þeim sem málið varðar.

Þegar dómari hefur móttengið greinargerð varnaraðila skal hann boða til þinghalds og ákveða framhald málsins þ.m.t. hvort það skal flutt munnlega eða skriflega og hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir dómi. Ef mál er ekki munnlega flutt skal aðilum gefinn stuttur frestur til að skila skriflegum athugasemdum. Dómari skal leitast við að hraða störfum sínum eins og kostur er og skal dómur að jafnaði kveðinn upp innan viku frá því að mál var dómtekið.

Birta skal aðilum dóm eða úrskurð með rafrænum hætti eða á annan sannanlegan hátt ef þeir eru ekki viðstaddir dómsuppsögu og skal þá jafnframt greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.

38. gr. Flýtimeðferð máls.

Telji formaður dómsins augljóst, við skoðun á kæru sem honum berst, að brotið hafi verið gegn lögum og reglum handknattleikshreyfingarinnar er honum heimilt að beina þeirri kröfu til gagnaðila að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær varnir séu. Komi í ljós að engar varnir verða hafðar uppi í málinu eða ef framkomnar varnir eru bersýnilega tilgangslausar er honum heimilt að úrskurða eða dæma kæranda í hag.

39. gr. Tilnefning talsmanns fyrir dómi.

Telji dómurinn að hætta sé á að málsstaður annars málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu getur formaður dómsins upplýst framkvæmdastjóra HSÍ um slíkt. Framkvæmdastjóri HSÍ skal þá skipa aðila til að gæta hagsmuna viðkomandi í málinu.

40. gr. Skipan áfrýjunardómstóls HSÍ

Áfrýjunardómstóll HSÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 3 löglærðum til vara.

Dómarar skulu kosnir á reglulegu handknattleikspingi HSÍ til setu fram að næsta reglulega handknattleikspingi.

Dómstóllinn kýs sér forseta.

41. gr. Áfrýjun.

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls HSÍ dómum og úrskurðum dómstóls HSÍ.

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera 3 sólarhringar frá birtingu dóms hafi málsaðilar ekki verið viðstaddir uppkvaðningu dóms eða úrskurðar dómstóls HSÍ.

Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

42. gr. Ný gögn og málsmeðferðarreglur.

Ný gögn skulu ekki lögð fram fyrir áfrýjunardómstólinn. Vitna- og aðilaskýrslur skulu ekki fara fram.

Dómstólnum er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á.

Málsmeðferðarreglur laga þessara skulu gilda um áfrýjunardómstól HSÍ eftir því sem við á.

43. gr. Vanhæfi dómara.

Dómari er vanhæfur til að fara með mál ef:

- h. hann er aðili að málinu eða fyrirvarsmaður aðila
- i. hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila leiðbeiningar um það umfram skyldu sem dómarar hafa
- j. hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið
- k. hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar
- l. hann tengist eða hefur tengst fyrirvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í d-lið
- m. hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið
- n. fyrir eru hendi önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa m.a. ef dómari eða náin skyldmenn eru félagsbundin aðila máls.

Stjórn HSÍ skal skipa dómara í dómstóla HSÍ til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum dómurum og varadómurum vegna vanhæfis þeirra.

44. gr. Lögsaga.

Undir dómstóla HSÍ heyra öll brot á lögum og reglum HSÍ.

45. gr. Dómsniðurstöður.

Dómstólar HSÍ geta í dómsorði, auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:

- 1. dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra
- 2. ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum. Dagsektir renni til HSÍ
- 3. ákveðið sektir á aðildarfélög
- 4. málskostnað ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus

Þær refsingar sem dómstólar HSÍ geta beitt eru:

- 1. áminning
- 2. vítur
- 3. svipting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan handknattleikshreyfingarinnar
- 4. óhlutgengisúrskurður sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan handknattleikshreyfingarinnar um stundarsakir eða ævilangt
- 5. aðrar refsingar er lög eða reglur HSÍ tiltaka

46. gr. Þingbækur/dómabækur.

Við dómstóla HSÍ skulu vera haldnar sérstakar þingbækur. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, hverjir mæta í máli og hvað er afráðið um rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu. Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt öðrum en málsaðilum.

Við dómstóla HSÍ skal haldin sérstök dómabók sem hefur að geyma uppkveðna dóma og úrskurði. Dómabók skal vera aðgengileg og afrit hennar birt á heimasíðu HSÍ.

47. gr. Lyfjaeftirlit.

Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með samkvæmt reglugerð ÍSÍ um lyfjaeftirlit.

48. gr. Niðurfelling refsingar.

Handknattleiksþing HSÍ er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan handknattleikshreyfingarinnar.

VIII. kafli FRAMKVÆMDASTJÓRI OG SKRIFSTOFA

49. gr. Framkvæmdastjóri HSÍ

Framkvæmdastjóri HSÍ er ráðinn af stjórn handknattleikssambandsins samkvæmt ráðningarsamningi.

Framkvæmdastjóri HSÍ stjórnar og ber ábyrgð á rekstri skrifstofu og starfsmannahaldi HSÍ.

Framkvæmdastjóri HSÍ getur vísað brotum aðila á lögum HSÍ, reglugerðum HSÍ og leikreglum til aganefndar HSÍ til úrskurðar.

50. gr. Skrifstofa HSÍ

Skrifstofa annast daglega umsýslu verkefna HSÍ undir stjórn og ábyrgð framkvæmdastjóra.

IX. kafli Mótafyrirkomulag

51. gr. Handknattleiksmót

I. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

k) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.

l) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir

m) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.

xxxv. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.

xxxvi. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.

xxxvii. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.

xxxviii. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.

xxxix. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.

xl. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.

xli. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.

xlii. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.

xliii. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.

xliv. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.

xlv. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur 1. deild er deildarmeistari 1. deildar.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2.-5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.

Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1.deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1.deildar.

J. Úrslitakeppnir úrvalsdeilda

c) 8 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

d) 9-14 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

K. Umspil 1.deildar

c) 8 liða úrvalsdeild

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

d) 10-12 liða úrvalsdeild

Lið 2 í 1.deild mætir liði 5 í 1. Deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

L. Fjölgun í úrvalsdeild

Áður en fjölgun í úrvalsdeild tekur gildi fyrir 10 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 18 lið hafa verið skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 18 lið verði áfram það keppnistímabil. Fyrir 12 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 22 lið vera skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 22 lið verði áfram það keppnistímabil.

d) Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð:

4. Lið sem tapar úrslitum umspils 1. deildar

5. Liðið í 7. sæti úrvalsdeildar,

6. Efsta lið 1. deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

e) Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð:

4. Lið sem tapar úrslitum umspils,

5. Liðið í 9. sæti úrvalsdeildar,

6. Efsta lið 1. deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

f) Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð.

4. Lið sem tapar úrslitum umspils

5. Liðið í 8. sæti úrvalsdeildar

6. Liðin sem töpuðu undanúrslitum umspils.

M. Fækkun í úrvalsdeild

Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í 1. deild er færri en 6 lið skal leika í einni deild þegar í stað.

Stjórn HSÍ skal setja nánari reglur um fækkunina ef sú staða kemur upp.

N. Almenn ákvæði

Við deildarskiptingu skal miða við þau lið sem hafa tilkynnt með fullnægjandi hætti þátttöku til skrifstofu HSÍ innan tilskilins frests skv. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSí.

52. gr. Þátttökuleyfi

Til að öðlast rétt á þátttöku í úrvalsdeild og 1. deild Íslandsmótsins í meistaraflokki karla og kvenna skulu sækja um þátttökuleyfi árlega.

Til þess að fá þátttökuleyfi skulu félögin uppfylla tilteknar kröfur HSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál.

53. gr. Félagaskipti

Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.

Tímabundin félagaskipti er heimil á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.

Félagi er heimilt fyrir 1. mars ár hvert að stytta tímabundin félagaskipti leikmanna sinna einhliða, svo framarlega sem lágmarkstíma sé náð. Nýti samningsfélag sér þessa heimild skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 4 dögum eftir að tilkynningin er sannanlega móttækin af HSÍ.

Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera eitt keppnistímabil.

X. kafli REIKNINGAR

54. gr. Reikningsárið

Reikningsár HSÍ er frá 1. janúar til 31. desember. Milliuppgjör skal liggja fyrir 31. ágúst.

Reikningar HSÍ skulu undirritaðir af formanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra.

Skoðunarmenn HSÍ skulu vera sjálfstæðir og óháðir HSÍ.

Reikningar HSÍ skulu áritaðir af kjörnum skoðunarmönnum.

XI. kafli ÝMIS ÁKVÆÐI

55. gr. Réttindi

HSÍ og aðildarfélög innan HSÍ eru eigendur alls réttar sem tengist mótahaldi HSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af HSÍ. Þessi réttur nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, (t.d. í sjónvarpi, útvarpi, á internetinu og í síma), markaðsréttinda, kynninga og höfundarréttar.

Stjórn HSÍ skal setja nauðsynlegar reglur um nýtingu þessara réttinda.

56. gr. Heiðursformaður

Handknattleiksþing má kjósa heiðursformann Handknattleikssambands Íslands ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið.

Heiðursformenn HSÍ hafa rétt til setu á fundum stjórnar sambandsins og á handknattleiksþingum og hafa þar málfrelsi. Heiðursformenn HSÍ koma fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

57. gr. Önnur atvik

Stjórn HSÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi handknattleik innan vébanda ÍSÍ sem lög þessi eða reglugerðir HSÍ ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess.

Við brot á ákvæðum laga þessara hefur stjórn HSÍ heimild til að beita viðkomandi viðurlögum sem getið er um lögum þessum og reglugerðum sambandsins verði þeim ekki skotið til aganefndar eða dómstóls HSÍ.

58. gr. Sambandsslit

Tillögu um að leggja HSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu handknattleiksþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þessa þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja HSÍ niður.

Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa eigi eignum HSÍ. Þeim má aðeins verja til eflingar handknattleikisþróttarinnar í landinu.

Lög þessi öðlast gildi strax og falla þá eldri lög úr gildi. Lög þessi skulu staðfest af framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Rökstuðningur:

Laganefnd HSÍ hefur unnið að lagfæringu á orðalagi í lögum HSÍ og uppröðun ákvæða innan laganna.

Laganefnd leggur hér fram heildarlög HSÍ með þessum lagfæringum sem er án efnisbreytinga að því frátöldu að sett er inn ákvæði um deildarnefnd sem einróma var samþykkt á formanni fundi félaganna 30.03.

Þingskjal 5

Breytingartillaga nefndar fram lögð.

Tillaga nefndar snýst um það hvort eigi að halda sig við skiptingu í tvær deildir eða halda liðunum í einni deild. Nefnd leggur til að ekki verði farið yfir í skiptingu fyrr en við 15 lið, skipting miðist því við 11-14 og svo 15-26.

Þingskjal með nýjustu breytingartillögu borin undir atkvæði þingsins.

Þingskjal með breytingartillögu nefndar er samþykkt með 30 atkvæðum gegn 11.



59. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

23. apríl 2016

Þingskjal nr: 5.2

Tillaga um Lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

IX. kafli Mótafyrirkomulag

51. gr. Handknattleiksmót

O. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- n) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- o) 11-14 lið, ein deild, 2 umferðir
- p) 15-26 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - xlvi. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - xlvii. 16 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - xlviii. 17 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - xlix. 18 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - l. 19 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - li. 20 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir

- lii. 21 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - liii. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - liv. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - lv. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.
 - lvi. 25 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 13 í 1. deild 2 umferðir.
 - lvii. 26 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 14 í 1. deild 2 umferðir.
- q) 27 lið eða fleiri, þrjár deildir, 12 liða úrvalsdeild 2 umferðir og 8 liða 1. deild 3 umferðir. Önnur lið spila í 2. deild og skal stjórn HSÍ setja henni nánari reglur.

Áður en fjölgun í úrvalsdeild tekur gildi fyrir 10 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 18 lið hafa verið skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 18 lið verði áfram það keppnistímabil. Fyrir 12 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 20 lið vera skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 20 lið verði áfram það keppnistímabil.

....

E. Fjölgun í úrvalsdeild

Áður en fjölgun í úrvalsdeild tekur gildi fyrir 10 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 18 lið hafa verið skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 18 lið verði áfram það keppnistímabil. Fyrir 12 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 20 lið vera skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 20 lið verði áfram það keppnistímabil.

...

Rökstuðningur

Á formannafundum hefur komið fram ríkur vilji félaganna að stefna að festa í sessi 12 liða úrvalsdeild og að tíðar breytingar á mótafyrirkomulagi séu slæmar fyrir handknattleikshreyfinguna. Laganefnd leggur því hér til færri lið þurfi til þess að fara í 12 liða deild heldur en nú gildandi reglur segja til um og sama hátt þurfi sama færri lið til að fara 10 liða deild.

Þingskjal 6

Dregið til baka.

Þingskjal nr. 7

Nefnd leggur til óbreytta samþykkt.

Þingskjal samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal nr. 8

Nefnd leggur til að sé samþykkt óbreytt.

Þingskjal er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

16. Ákveða þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils

Hjalti Hreinson fær aftur orðið.

Fjárhagsnefnd leggur til óbreytt þátttökugjald. Í liðnum um þátttökugjöld og greiðslur til dómara og eftirlitsmanna eru þrír nýir liðir; gjald vegna skráningar venslafélaga, 10.000 kr., félagaskiptagjöld innanlands, 10.000 kr. og félagaskiptagjöld erlendis, 42.500 kr. Þessu skuli halda inni óbreyttu.

Ofangreint er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

17. Önnur mál

Forseti gaf orðið laust. Enginn bað um orðið.

18. Kosning stjórnar

Sitjandi formaður, Guðmundur B. Ólafsson, er einn í framboði til formanns. Telst hann því sjálfkjörinn. Guðmundur B. Ólafsson er því réttkjörinn formaður HSÍ til næsta árs, staðfest af þingheimi með lófaklappi.

Eftirfarandi einstaklingar gáfu kost á sér í fjögurra manna stjórn HSÍ til tveggja ára:

- Arnar Þorkelsson
- Guðjón L. Sigurðsson
- Guðríður Guðjónsdóttir
- Jakob Sigurðsson

Þar eð engum mótframbjóðendum var fyrir að fara teljast þau réttkjörin til stjórnar HSÍ, staðfest með lófaklappi.

Þrír varamenn í stjórn til eins árs eru í framboði:

- Gunnar Gíslason
- Magnús Karl Daníelsson
- Hannes Karlsson

Engu mótframboði var að dreifa svo teljast þau réttkjörin, staðfest með lófaklappi.

19. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara

Tilnefndir voru eftirtaldir:

- Guðmundur Frímannsson
- Jón Gestur Viggósson

Til vara voru eftirtaldir tilnefndir:

- Halldór Arnarson
- Almar Erlingsson

Engin mótframboð voru til staðar svo skoðunarmenn og varamenn teljast réttkjörnir, staðfest með lófaklappi.

20. Kosning í dómstól HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tilnefndir voru eftirfarandi:

- Halldór Þorsteinsson
- Smári Hilmarsson
- Berglind Svavarsdóttir

- Ágúst Sindri Karlsson
- Bergþóra Sigmundsdóttir
- Guðmundur Þór Jónsson

Engar athugasemdir né aðrar tilnefningar bárust, svo tilnefndir þrír aðilar í dómstól HSÍ og þrír vara teljast réttkjörnir. Staðfest með lófaklappi.

21. Kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tilnefndir voru eftirtaldir:

- Gunnar Jónsson
- Jóhannes Albert Sævarsson
- Þorsteinn Einarsson

Tilnefndir voru eftirfarandi varamenn:

- Benedikt Bogason
- Guðjón Marteinsson
- Þorsteinn Einarsson

Engar athugasemdir né aðrar tilnefningar bárust, svo tilnefndir þrír aðilar í dómstól HSÍ og þrír til vara teljast réttkjörnir. Lófaklapp aftur til staðfestingar.

22. Kosning fulltrúa á íþróttaping í Sí

Lagt til að lið verði vísað til stjórnar HSÍ. Enginn mótmælti því.

23. Þingslit

Áður en þingi var formlega slitið var *Guðmundi B. Ólafssyni* áframhaldandi formanni gefið orðið.

Guðmundur þakkaði traustið. Verkefnið eru ærin fyrir framhaldið, eins og áður kom fram, og fjárhagsmálin eru efst á baugi. Hann kvaðst ánægður með þingið og umræðurnar sem teknar hafa verið með deildarkeppnina og önnur mál til umræðu. Hann telur að tekin hafi verið ágæt skref fyrr í vetur með því að halda fleiri formannafundi og fá umræðurnar upp á yfirborðið til að ræða í ró og næði í stað þess að afgreiða í spreng á þessu þingi. Öllum sem nálægt því hafa komið er þakkað hjartanlega fyrir vel unnin verk.

Hann þakkaði einnig fráfarandi stjórnarmönnum, þeim Ragnheiði Traustadóttur, Einari Einarssyni og Gunnari Erlingssyni samstarfið á umliðnum árum. Af þeim var Gunnar Erlingsson einn nærstaddur, og honum því afhentur blómvöndur ásamt með kossum frá nýendurkjörnum formanni, sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf.

Nýir stjórnarmenn eru boðnir velkomnir til starfa. Formaður vottar að öll séu þau gott fólk og því er mikils vænst af þeim... Þá er starfsfólki sambandsins þakkað fyrir frábært starf á árinu, skrifstofan er fámennur vinnustaður fólks sem tekst oft á við erfið verkefni sem gjarnan þarf að leysa í miklu stressi. Stjórnarmönnum öllum er að lokum þakkað fyrir gott samstarf og vonir standa til þess að áfram haldi á sömu braut.

59. ársþingi HSÍ slitið